

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 383. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 5. september 2024 og hefst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar **kl. 16:00**.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerðir 350., 351. og 352. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 20. júní, 3. júlí og 14. ágúst 2024.
- 2) Fundargerð 185. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 23. ágúst 2024.
- 3) Fundargerð 18. fundar öldungaráðs, dags. 19. ágúst 2024.
- 4) Fundargerð landbúnaðarnefndar, dags. 15. ágúst 2024.
- 5) Fundargerðir 23. og 24. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 14. ágúst og 3. september 2024.
- 6) Punktur frá fundi um markaðs- og upplýsingamál, dags. 21. ágúst 2024.
- 7) Fundargerð 69. stjórnarfundar Jeratúns ehf., dags. 28. ágúst 2024
- 8) Fundargerðir stjórnarfunda Sorpurðunar Vesturlands, dags. 29. apríl og 25. júní 2024.
- 9) Fundargerðir 181. og 182. fundar stjórnar SSV, dags. 6. maí og 19. júní 2024.
- 10) Fundargerð 464. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 15. ágúst 2024.
- 11) Gjaldskrá fyrir förgun og móttöku sorps frá fyrirtækjum.
- 12) Reglur um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga
- 13) Bréf frá ÍSÍ, ódags., varðandi samþykka styrkumsókn.
- 14) Bréf frá Kvennaathvarfinu, dags. 3. september 2024, varðandi ósk um rekstrarstyrk á árinu 2025.
- 15) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 3. september 2024
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

350. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 20. júní 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Júníana Björg Óttarsdóttir
Jón Bjarki Jónatansson í fjarveru AK
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Óskaði hún eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 8. lið tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi á Arnarstapa. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

1) **Hollvínafélag Pakkhússins.**

Jenný Guðmundsdóttir og Ragnheiður Viglundsdóttir mættu á fundinn. Ræddu þær styrk sem Hollvínafélagið fékk frá Húsfriðunarsjóði upp á 1200þús. sem ætlaður var til viðhalds á gluggunum í Pakkhúsinu. Bæjarráð samþykkti að fá aðila frá Húsfriðunarnefnd til að meta það sem þarf að gera í viðhaldsmálum hússins og hvað má gera. Bæjarstjóra falið að hafa samband við Magnús A. Sigurðsson, minjävörð Vesturlands, til að koma.

2) **Fundargerð 948. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 31. maí 2024.**

Lagt fram til kynningar.

3) **Umsókn frá Jóni Þóri Lúðvíkssyni, dags. 27. maí 2024, að fá að halda hundinn Lúlla.**

Umsóknin samþykkt samhljóða.

4) **Bréf frá Brunabót, dags. 14. júní 2024, varðandi úthlutun úr Styrktarsjóði EBÍ 2024.**

Lagt fram til kynningar.

5) **Bréf frá Matthildi Kristmundsdóttur, dags. 10. júní 2024, varðandi losunarsvæði í Fössabrekku.**

Strax í vor var haft samband við verktaka, sem ætlaði að fara í verkið sem fyrst. Það á að móta brekkuna betur til samræmis við það sem fyrir er á svæðinu. Að því loknu verður sáð í svæðið.

6) **Bréf frá leikskólastjóra, dags. 6. júní 2024, varðandi ósk um aukafjárveitingu til að kaupa nýja upphvottavél á Kríubóli.**

Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita aukafjárveitingu að upphæð kr. 500.000.-

7) **Nýtt deiliskipulag í landi Axlar, Snæfellsnesi.**

Bæjarráð Snæfellsbæjar, í umboði bæjarstjórnar, samþykkir samhljóða að beina deiliskipulagstillögunni í lögbundið auglýsingaferli í samræmi við bókun umhverfis- og skipulagsnefndar þann 3. júní 2024.

8) **Óveruleg breyting á aðalskipulagi á Arnarstapa.**

Bæjaryfirvöld Snæfellsbæjar hafa á liðnum árum aukið svigrúm varðandi uppbyggingu á fristundasvæðum og miða nú við hús allt að 140 m². Á Arnarstapa er allnokkuð um hús sem hafa verið stækkuð í kjölfar grenndarkynningar. Með breytingu aðalskipulags er gert ráð fyrir að svigrúm á lóðum á F-4 og F-5 á Arnarstapa verði fyrir allt að 140 fermetra hús miðað við nýtingarhlutfall 0.07. Á svæðinu hafa allar lóðir aðgang að baklandi og nýtist það með lóðum þó bæjaryfirvöld vilji frekar hækka nýtingarhlutfall og halda baklandinu opnu í stað þess að stækka lóðir.


Í kjölfarið verður unnið að breytingu deiliskipulags og er gert ráð fyrir að þar verði gefin heimild fyrir allt að 140 fermetra brúttó byggingarmagni á hverri lóð og að sett verði ströng skilyrði varðandi hæðir og form húsa.

Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela tæknideild Snæfellsbæjar að vísa óverulegri breytingu aðalskipulags á Arnarstapa í ferli samkvæmt 2.mgr. 36.gr. skipulagslaga.


9) Minnispunktar bæjarstjóra.

- a) Bæjarstjóri sagði frá því að komnar eru tölur um nýtingu á salernisgámnum á Arnarstapa.
- b) Bæjarstjóri sagði frá framkvæmdum sem eru í gangi í bæjarfélaginu. Verktakar eru að koma í dag til að fara í þakið á íþróttahúsinu og á Klifi. Erróveggurinn er kominn upp og múrararnir koma 2. júlí til að setja verkið á vegginn. Búið er að vera að gera við íþróttahúsið núna undanfarið, því verki fer að ljúka.
- c) Bæjarstjóri minnti á ferð bæjarstjórnar um hafnir Snæfellsbæjar á morgun.
- d) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu mánaðarins.
- e) Bæjarstjóri sagði frá hraðahindrunum á Ennisbraut.
- f) Rædd heimsókn frá Færeyjum sem fyrirhuguð er í september.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:07


Jónína Björg Öttarsdóttir

Jón Bjarki Jónatansson


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Friða Sveinsdóttir


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

351. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 3. júlí 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Júníana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

- 1) **Fundargerð 184. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 27. júní 2024.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) **Fundargerð 133. fundar stjórnar FSS, dags. 30. maí 2024.**
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Fundargerðir 949. og 950. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. og 21. júní 2024.**
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Bréf frá HSH, dags. 25. júní 2024, varðandi íþróttasvæði Skotfélags Snæfellsness.**
Bæjarráð er tilbúið í samtal við HSH og fulltrúa annarra sveitarstjórna á Snæfellsnesi um þetta mál.
- 5) **Bréf frá Grundarfjarðarbæ, dags. 15. júní 2024, varðandi sameiningarmál.**
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Umsókn frá Guðbjörgu M Sigurbjörnsdóttur, dags. 26. júní 2024, að fá að halda hundinn Tinu Turner.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 7) **Umsókn frá Karolinu Markowska, ódags., að fá að halda hundinn Willy.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 8) **Beiðni um stofnun lóðar úr landi Grafar.**
Bæjarráð Snæfellsbæjar, í umboði bæjarstjórnar, samþykkti erindið samhljóða með fyrirvara um að samband verði haft við tæknideild Snæfellsbæjar um það hvort krafa verði um gerð deiliskipulags, áður en kemur að framkvæmdum á lóð.
- 9) **Deiliskipulag fristundabyggðar á Arnarstapa.**
Bæjarráð Snæfellsbæjar, í umboði bæjarstjórnar, samþykkti samhljóða lýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga deiliskipulags fristundabyggðar á Arnarstapa og samþykkti jafnframt að fela tæknideild Snæfellsbæjar að beina lýsingunni í kynningu.
- 10) **Samstarfsyfirlýsing vegna svæðisbundins samráðs um varnir gegn ofbeldi og öðrum afbrotum á Vesturlandi.**
Lagt fram til kynningar.
- 11) **Bréf frá Jöfnunarsjóði, dags. 2. júlí 2024, varðandi gjaldfrjálsar skólamáltíðir.**
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkti að vera með í gjaldfrjálsum skólamáltíðum frá og með 1. ágúst 2024, með þeim fyrirvara að kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga verði 75% - 25% eins og talað hefur verið um.

12) Bréf frá Jafnréttisstofu, dags. 19. júní 2024, varðandi ábyrgð og hlutverk sveitarfélaga vegna bíls milli fæðingarorlofs og inntöku barna í leikskóla.


Bæjarráð Snæfellsbæjar vill koma því á framfæri að börn í Snæfellsbæ eru tekin inn á leikskóla við 12 mánaða aldur að jafnaði, en jafnframt eru greiddar heimgreiðslur til foreldra frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til að leikskólapláss býðst.


13) Minnispunktar bæjarstjóra.


- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslufirlit ársins.
- Bæjarstjóri sagði frá því að íbúatala Snæfellsbæjar stendur í 1729 í dag.
- Bæjarstjóri sagði frá ljósleiðaraverkefni sem fyrirhugað er á landsbyggðinni.
- Bæjarstjóri sagði frá vatnsmálum á Hellnum.
- Bæjarstjóri sagði frá fundi með Orkusölnunni í gær varðandi nýjan samning um kaup á orku.
- Bæjarstjóri sagði frá því að múraramir eru komnir til að setja upp Erró verkið í Ólafsvík. Stefnt er að því að verkinu verði lokið seint á föstudaginn. Einnig eru komnir verktakar til að gera við þökin á íþróttahúsinu í Ólafsvík og félagsheimilinu Klifi. Jafnframt er verið að vinna við nýju leikskólabygginguna í Ólafsvík, grunnskólahúsnæðið á Lýsuhóli, Gufuskála og fleiri verkefni í bæjarfélaginu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:51


Jónína Björg Ottarsdóttir


Auður Kjartansdóttir


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

352. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 14. ágúst 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Júníana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.


Dagskrá:

- 1) Fundargerð 22. fundar framkvæmdeymis Snæfellsbæjar, dags. 9. júlí 2024.
Lagt fram til kynningar.
- 2) Fundargerð aðalfundar byggðasamlags um rekstur Félags- og skólajónustu Snæfellinga, dags. 3. júlí 2024.
Lagt fram til kynningar.
- 3) Drög að reglum um notendaráð málefna fólks með fötlun á Snæfellsnesi.
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við framlögð drög.
- 4) Bréf frá Fasteignasölnunni Höfða, dags. 12. júlí 2024, varðandi forkaupsrétt Snæfellsbæjar að Hvíta húsinu í Krossavík.
Bæjarráð samþykkti samhljóða að falla frá forkaupsrétti Snæfellsbæjar að Hvíta húsinu í Krossavík.
- 5) Samkomulag um vatn milli Snæfellsbæjar og Vatnsveita Hellna ehf.
Bæjarráð gerir ekki athugasemd við framlagt samkomulag, en endanlegt samkomulag skal lagt fyrir bæjarstjórn til staðfestingar.
- 6) Bréf frá Jóni Guðmanni Péturssyni, dags. 12. júlí 2024, varðandi ágangsmál.
Lagt fram til kynningar.
- 7) Bréf frá nokkrum landeigendum á Snæfellsnesi, dags. 15. júlí 2024, varðandi UNESCO vistvang.
Lögð voru fram drög að svari til landeiganda og samþykkti bæjarráð samhljóða að senda drögin áfram til bréfitara.
- 8) Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. júlí 2024, varðandi gjaldfrjálsar skólamáltíðir.
Lagt fram til kynningar.
- 9) Bréf frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi, dags. 5. júlí 2024, varðandi sameiningarviðræður sveitarfélaga.
Lagt fram til kynningar.
- 10) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 1. ágúst 2024, varðandi umsögn bæjarstjórnar um umsókn Stekkjarans ehf., um breytingu á leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, stærra gistiheimili, í leyfi í flokki IV með áfengisveitingum, og breyttum leyfilegum gestafjölda, úr 44 gestum í 50; auk breytinga á forsvarsmanni, að Ólafsbraut 55 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Stekkjarans ehf., um fyrirhugaðar breytingar á leyfi til reksturs gistiheimilis í flokki II, minna gistiheimili, í flokk IV með áfengisveitingum, ásamt öðrum breytingum að Ólafsbraut 55 í Ólafsvík, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og byggingarfulltrúi gefi jafnframt jákvæða umsögn.


AK
FJ
FJ


- 11) Bréf frá Fjölbautaskóla Snæfellinga, dags. 7. ágúst 2024, varðandi skólaakstur við Fjölbautaskólann á haustönn 2023.
Lagt fram til kynningar.
- 12) Bréf frá Fjölbautaskóla Snæfellinga, dags. 7. ágúst 2024, varðandi skólaakstur við Fjölbautaskólann á vorönn 2024.
Lagt fram til kynningar.
- 13) Bréf frá Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 2. júlí 2024, varðandi tilboð til sveitarfélaga um styrk til að ljúka lagningu ljósleiðara til allra lögheimila utan markaðssvæða í þéttbýli.
Bæjarráð samþykkti samhljóða boð ráðuneytisins um styrk.
- 14) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
 - a) Bæjarstjóri sagði frá því að íbúum hefur fjölgað í Snæfellsbæ á árinu. Í dag er fjöldinn 1740.
 - b) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu ársins.
 - c) Bæjarstjóri sagði frá starfsmannamálum.
 - d) Bæjarstjóri sagði frá salernismálum á Arnarstapa.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:05


Jónína Björg Óttarsdóttir


Auður Kjartansdóttir


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 185185. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, föstudaginn 23. ágúst 2024 og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Eiríkur Böðvar Rúnarsson, Matthías Páll Gunnarsson, Smári Jónas Lúðvíksson, Hildigunnur Haraldsdóttir og Ragnar Már Ragnarsson.

Fundargerð ritaði: Ragnar Már Ragnarsson, Byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Miðbrekka 9 - Umsókn um lóð - 2407003

Ingibjörg Kristjánsdóttir sækir um að fá lóðina að Miðbrekku 9, Ólafsvík úthlutaða til að byggja þar 220 fm steinsteyppt hús á einni hæð.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir úthlutun lóðarinnar Miðbrekku 9.

2. Arnarstapi - Umsókn um lóð fyrir hraðhleðslustöðvar - 2408006

InstaVolt Iceland ehf. sækir um lóð austan við Fellaslóð 1 fyrir tvær hraðhleðslustöðvar á Arnarstapa með möguleika á fjölgun um tvær stöðvar til viðbótar.

Umhverfis og skipulagsnefnd hafnar erindinu og bendir á efra svæði þar sem að söluvagnar eru í dag við Fell.

Hafnað

17. Umsókn um lóð - Hábrekka 17 - 2408011

Karitas Briet Ólafsdóttir sækir um lóð að Hábrekku 17 til byggingar 190 fm einbýlishús byggt úr clt timbureiningum.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

3. Ytri-Bugur - Umsókn um stofnun lóðar úr landi - 2407002

Gabriel Sveinn Bragason sækir um að fá að stofna lóð úr landi Ytri-Bugs fyrir sumarhús.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið. Nefndin bendir á að ef tvö eða fleiri fristundahús standa saman þarf að gera grein fyrir landnotkunarsvæði fyrir fristundabyggð við næstu aðaskipulagsbreytingu. Verði fyrirhuguð frekari uppbygging á jörðinni verður gerð krafa um deiliskipulag á jörðinni.

Samþykkt

4. Breyting deiliskipulags fristundabyggðar F-4 og F-5 á Arnarstapa - 2406010

TR H. H. 11.7

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Lýsing og matslýsing vegna breytingar deiliskipulags frístundabyggðar F-4 og F-5 á Arnarstapa var auglýst frá 11. júlí - 1. ágúst 2024 og bárust alls 6 umsagnir frá fagaðilum á kynningartímanum. Umsagnir kynntar ásamt tillögu að deiliskipulagi þar sem leitast er við að koma til móts við umsagnir. Skipulagsstofnun hefur fallist á óverulega breytingu á aðalskipulagi fyrir frístundasvæðin F-4 og F-5 á Arnarstapa.

Umhverfis- og skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við umsagnir vegna lýsingar/matslýsingar og samþykkir tillögu að breytingu deiliskipulags. Breytingin er í samræmi við óverulega breytingu aðalskipulags, sem Skipulagsstofnun hefur fallist á. Nefndin leggur til að haldinn verði kynningarfundur á tillögunni fyrir hagsmunaaðila, því um þegar byggt svæði er að ræða. Þegar óveruleg breyting aðalskipulags hefur öðlast gildi, er tæknideild falið að beina tillögu deiliskipulags í kynningarferli í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í vinnslu

5. Litla-Tunga - Nýtt deiliskipulag vegna bættrar ferðamannþjónustu - 2405021

Lýsing og matslýsing vegna nýs deiliskipulags bættrar ferðamannþjónustu á Litlu-Tungu var auglýst frá 11. júlí - 1. ágúst 2024 og bárust alls 6 umsagnir frá fagaðilum á kynningartímanum. Umsagnir kynntar ásamt tillögu að deiliskipulagi þar sem leitast er við að koma til móts við umsagnir.

Umhverfis- og skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við umsagnir vegna lýsingar/matslýsingar og samþykkir deiliskipulagstillögu. Tæknideild falið að beina tillögu deiliskipulags í kynningarferli í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í vinnslu

6. Böðvarsholt - Umsókn um leyfi til að klæða viðbyggingu ásamt því að breyta þakformi viðbyggingarinnar - 2407005

Rúnar Atli Gunnarsson sækir um leyfi til þess að skipta um þak á öllu húsinu að Böðvarsholti, klæða viðbygginguna ásamt því að lyfta þakinu á viðbyggingunni til samræmis við þakið á eldri helmingi hússins til að fá eitt heildstætt þak yfir allt húsið.

Eiríkur vikur af fundi

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir fyrirhugaðar framkvæmdir fyrir sitt leyti. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum og að uppfylltum skilyrðum/athugasemdum byggingarfulltrúa.

Eiríkur kemur á fund.

Samþykkt

7. Viðvík - Umsókn um breytingu á notkun húss ásamt stækkun - 2408001

Kristín Björk Marisdóttir sækir um leyfi til að breyta veitingastaðnum Viðvík á Hellissandi í íbúðarhús ásamt því að stækka húsnæðið.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir breytta notkun hússins, þannig að það verði íbúðarhús. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að lóðin sé fyrir verslun og þjónustu og verði landnotkun breytt við næstu breytingu aðalskipulags.

Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4 í

777
EB
MH
Mik

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

byggingarreglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum og að uppfylltum skilyrðum/athugasemdum byggingarfulltrúa.

Samþykkt

8. Hraunbalar 5 - Umsókn um leyfi fyrir 24,4 fm frístundahús - 2408004

Emil Þór Guðmundsson sækir fyrir hönd Guðrúnar Albertsdóttur um byggingarleyfi fyrir 24,4 fm frístundahúsi úr timbri að Hraunbölum 5.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir fyrirhugaðar framkvæmdir fyrir sitt leyti.

Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum og að uppfylltum skilyrðum/athugasemdum byggingarfulltrúa.

Samþykkt

9. Hraunbalar 5 - Umsókn um leyfi fyrir 15 fm geymsluskúr - 2408005

Emil Þór Guðmundsson hönnuður sækir fyrir hönd Guðrúnar Albertsdóttur um byggingarleyfi fyrir 15 fm geymsluskúr úr timbri að Hraunbölum 5.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir fyrirhugaðar framkvæmdir fyrir sitt leyti.

Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum og að uppfylltum skilyrðum/athugasemdum byggingarfulltrúa.

Samþykkt

10. Bárðarás 3 - Umsókn um leyfi fyrir 40 fm bílskúr - 2408009

Gísli Kristján Heimisson sækir um byggingarleyfi fyrir 40 fm viðbyggðum bílskúr við hús sitt að Bárðarási 3.

Þar sem aðeins er til deiliskipulagsígildi fyrir svæðið vísaði byggingarfulltrúi erindinu til umfjöllunar í Umhverfis og skipulagsnefnd.

Umhverfi og skipulagsnefnd samþykkir að grenndarkynna tillöguna fyrir eigendum Bárðarás 5.

Eftir grenndarkynningu verður gefið út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum og að uppfylltum skilyrðum/athugasemdum byggingarfulltrúa.

Samþykkt

11. Djúpalón_ Umsókn um framkvæmdarleyfi vegna lagfæringa á neðra bílaplani - 2407006

Katrín Karlsdóttir sækir fyrir hönd Umhverfisstofnunar um framkvæmdarleyfi vegna lagfæringar á neðra bílaplani við Djúpalónssand. Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulag sem samþykkt var árið 2022.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir framkvæmdina enda er hún í samræmi við nýlegt deiliskipulag.

Samþykkt

777
HH EB
MK

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

12. Munaðarhóll 13 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir bát vegna viðhalds - 2408003

Ingvi Hrafn Aðalsteinsson sækir um stöðuleyfi fyrir bát að Munaðarhóli 13 til þess að sinna viðhaldi á honum en til þess þarf hann vatn og rafmagn.

Umhverfis og skipulagsnefnd hafnar erindinu og bendir á svæði í Rífi sem er ætlað undir geymslu og viðhald báta.

Hafnað

13. Fellaslóð 3 - Fyrirspurn vegna sölu húss til flutnings - 2408008

Jón Jóel Einarsson sendir inn fyrirspurn fyrir hönd Út og Vestur ehf. varðandi sölu húss hans að Fellaslóð 3 til flutnings.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

16. Amtmannshúsið - Fyrirspurn til skipulags- og byggingarfulltrúa - 2406014

Kristján Örn Kjartansson sendi inn fyrirspurn er varða byggingaráform innan lóðar Amtmannshússins á Arnarstapa.

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir lóðina og er því spurt hvort:

1. vinna þurfi deiliskipulag fyrir lóðina áður en byggingarleyfisumsókn yrði lögð fyrir byggingarfulltrúa?

2. hvort skipulagsfulltrúi telji að fyrirhuguð byggingaráform hljóti brautargengi eða hvort hann sjái einhverja annmarka á fyrirhuguðum framkvæmdum?

Byggingaráform: Áform eru um að reisa u.þ.b. 50-60m² vellíðunarhús með saunu á lóð Amtmannshússins á Arnarstapa. Staðsetning byggingarinnar yrði annaðhvort:

A: norðan við, og í tengslum við, hlaðinn grjótvegg innan lóðarinnar. Áætluð staðsetning A og lega í landi er sýnd með rauðri punktalínu á grunnmynd og sneiðingu. Austurendi hlaðna veggjarins er í dag nokkuð skemmdur og að hluta hruninn. Veggurinn yrði endurhlaðinn samhliða byggingu vellíðunarhúss.

B: sunnan við, og í tengslum við, hlaðinn grjótvegg innan lóðarinnar. Áætluð staðsetning B og lega í landi er sýnd með blárrí punktalínu á grunnmynd og sneiðingu. Í báðum tillögum er í tengslum við húsið einnig gert ráð fyrir heitum og köldum potti utandyra. Byggingin mun taka mið af öðrum byggingum á lóðinni hvað varðar efnisval og yfirbragð.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í kost B varðandi staðsetningu vellíðunarhúss. Erindinu verður beint til Umhverfisstofnunar til umsagnar.

Lóðarhöfum er bent á að hafa samráð við byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar varðandi nánari útfærslu málsins.

Jákvætt

15. Bæjartún 5 breytt notkun húsnæðis - 2408010

Andri Steinn Benediktsson F.h Fiskmarkaðs Snæfellsbæjar ehf kt 461015-0770

Það er okkar ósk að gera breytingar á Bæjartúni 5, breyta bæði miðhæð og kjallara í íbúðaraðstöðu fyrir fólk sem er að sækja vinnu hjá okkur og hugsanlega öðrum fyrirtækjum í Snæfellsbæ

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir breytta notkun hússins, þannig að það verði íbúðarhús á miðhæð og í kjallara, en íbúð er á efstu hæð hússins. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að lóðin sé fyrir verslun og þjónustu og verði landnotkun breytt við næstu

TJR

777
ED
Mik
H

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

breytingu aðalskipulags.

Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum og að uppfylltum skilyrðum/athugasemdum byggingarfulltrúa.

Samþykkt

14. DSK_Dalbrekka_Nýtt deiliskipulag - 2401013

Fjallað er um næstu skref vegna vinnu við nýtt deiliskipulag í Dalbrekku, Ólafsvík.

Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir áframhaldandi vinnslu á deiliskipulagi í samræmi við umræður á fundinum.

Í vinnslu

18. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2024 - 2401007

- Bréf frá Hollvinasamtökum Pakkhússins í Ólafsvík

Umhverfis og skipulagsnefnd þakkar fyrir bréfið en telur að leita þurfi annara leiða fyrir geymslu safnmuna.

- Listaverk eftir Helga Gíslason

Umhverfis og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið og vísar því til frekari umræðu í bæjarstjórn.

- Vélsmiðja Grundarfjarðar sækir um lóðina Ólafsbraut 84 fyrir álíka hús og reist var að Letisundi 3 Rífi. Ummhverfis og skipulagsnefnd samþykkir úthlutun lóðarinnar.

- Deiliskipulag á efra svæði á Arnarstapa.

Umhverfis og skipulagsnefnd leggur til að vinnu við deiliskipulag frá Felli og niðurfyrir verði flýtt þannig að mótuð verði heilstæð stefna um þjónustusvæði á Arnarstapa.

Nefndin mælir með að uppbyggingu á bílastæðum og þjónustu (matarvagnar, salernisaðstaða, rafhleðslustæði) á efra svæði verði flýtt og dregið úr umfangi bílastæði á neðra svæði. Sjá meðf uppdrátt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:15.

Flovení Þenn Þáttu
Flakkað

Eiríkur Böfver Rúnarsson

Markús Þorsteinsson

Öldungaráð Snæfellsbæjar

Fundargerð 18. fundar er haldin var í Höllinni, húsi eldri borgara í Snæfellsbæ mánudaginn 19. ágúst 2024 kl 14.00.

Mætt voru Ólafur Hlynur Steingrímsson formaður, Ragnheiður Víglundsdóttir, Margrét Vigfúsdóttir, Svanhildur Pálsdóttir og Pétur Steinar Jóhannsson sem ritaði fundargerð.

Mál 1: „Gott að eldast“ er verkefni sem Laufey Jónsdóttir frá Akranesi fór yfir og kynnti á fundi í Klifi í vor fyrir eldri borgara í Snæfellsbæ. Rætt var um þetta mál og mikill áhugi kom fram í ráðinu að koma því af stað ekki seinna en í haust. Öldungaráðið vill hvetja bæjarstjórn til að fylgja þessu máli vel eftir.

Ólafur formaður tók að sér að setja saman bréf til bæjarstjórnar til að ýta verkefninu af stað og mun hann kynna það áður fyrir Öldungaráðinu.

Mál 2: „Nýtt sorphirðukerfi í Snæfellsbæ“. Talsverð umræða varð um þetta mál. Nauðsynlegt er að bæjarstjórn kynni þetta mjög vel fyrir öllum bæjarbúum svo að þetta mál takist vel í alla staði. Mikill vilji er til að flokka því er hvatt til að bæði bæjarfélagið og fyrirtækið sem sér um sorphirðuna efni til funda í Klifi og kynni þetta vel eins og áður sagði.

Ákveðið var að Ólafur myndi einnig skrifa bréf til bæjarstjórnar um þetta mál.

Rætt var um að halda einn (jóna) fund fyrir áramót.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.40.

Pétur Steinar Jóhannsson

Fjallskilaneftundarfundur, 15. ágúst 2024

Fjallskilafundur var haldinn fimmtudaginn 16. ágúst heima hjá Guðmundi Ólafssyni í Ólafsvík. Fundur hófst kl. 20:00 og lauk kl. 22:30

Þeir sem sátu fundinn voru Herdís Leifsdóttir, formaður, Guðmundur Ólafsson og Þór Reyk fjörð Kristjánsson.

Það var farið yfir fjallskil og fjölda kinda á hvern eigenda og svæði og breytt eftir því hvort hafi verið fjölgun eða fækkun og sumir teknir út sem hafa verið hættil með fé.

Það var ekki mikil breyting í ár en það barst í tal að réttir væru heldur seinar í Staðarsveit og nágrenni en það er eitthvað sem bændur þar þyrftu að sækjast eftir ef þeir vildu fara fyrir í leitir.

Svo þetta gekk allt vel og Herdís mun koma skjölunum til Lilju.

Fundi var svo slitið kl. 22:30.

Undirritaðir

Herdís Leifsdóttir

Guðmundur Ólafsson

Þór Reyk fjörð Kristjánsson

23. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 14. ágúst 2024 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.

Mætt: Kristinn Jónasson, Ævar Sveinsson, Björn Arnaldsson, Smári Jónas Lúðvíksson, Ragnar Már Ragnarsson og Valgerður Kristmannsdóttir. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð. Baldvin Leifur, Vagn, og Matthías voru fjarverandi.

1) Björn fór yfir neðangreinda punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:

- a) Framkvæmdum við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík er að ljúka. Smá lokafrágangur er eftir við stigaljós og friholt.
- b) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram. Unnið er við framkvæmdir innanhúss.
- c) Framkvæmdum við stækkun og hækkun á Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík er að mestu lokið. Eftir er að setja upp annan löndunrkranu, stigaljós og tengja vatns og raflagnir.
- d) Unnið er að undirbúningi vegna dýpkunar við gafl Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík.
- e) Framkvæmdir við sjóvörn á Barðastöðum í Staðarsveit eru hafnar. Verið er að keyra kjarna úr grjótnámu fyrir ofan Rif. Að loknum þeim framkvæmdum verður unnið við sjóvörn við Keflavíkurgötu á Hellissandi.
- f) Verið er að vinna við hönnun vegna endurbyggingar og lengingar á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík. Gert er ráð fyrir að unnið verði við botnransóknir í ágúst – september n.k.
- g) Verið er að steypa nýja aðkeyrslu að Trébryggjunni við Gilbakka í Ólafsvík.
- h) Verið er að vinna við undirbúning vegna endurnýjunar á öllum pollum á Suðurbili í Ólafsvík.

2) Ævar fór yfir framkvæmdir:

- a) Sett niður ný rotpró fyrir neðan Hlíf á Hellissandi. 3 hús verða tengd við hana.
- b) Verið er að ganga frá umhverfinu í kringum leikskólann í Ólafsvík.
- c) Búið er að fá múrara til að fara í lagfæringar á gangstéttum.
- d) Skýlin fyrir grenndarstöðvarnar eru komnar á svæðið og stefnt á því að ljúka við uppsetningu í ágúst.
- e) Byrjað er að dreifa nýju ruslatunnunum í hús í Snæfellsbæ, ásamt plastkörfum og bréfkörfum fyrir lífrænt sorp.
- f) Það er búið að mála leikskólana í Ólafsvík og á Hellissandi að utan.
- g) Skipt var um gólfduk á herbergi á leikskólanum á Hellissandi.
- h) Verið er að mála íbúðirnar í Engihlíð 16, gluggana og timburverkið.
- i) Búið er að leggja nýjan þakduk á allt þakið á félagsheimilinu á Klifi.
- j) Búið er að panta nýtt gler í eldri hluta leikskólans í Ólafsvík.
- k) Verið er að ljúka við hönnun á lýsingu við Erró listaverkið


3) Matthías er í sumarfrí en sendi neðangreinda punkta:

- a) Vaðlaug vatn endurnýjað og hún þrífín
- b) Pottur A þrífinn og vatn endurnýjað
- c) Pottur B þrífinn og vatn endurnýjað
- d) Sauna tunna ofninn lagaður (fór í honum element)
- e) Gólf lagað og þrifið í sauna
- f) Flutningur á mörkum
- g) Þrif á stúkum
- h) Frisbívöllur sleginn

SJK. BA.
Orval

- i) Klór tekin fyrir sundlaug 1000L
 - j) Allar síur í klór kerfi endurnýjaðar
 - k) Tartan í sundlaugargarði þrifið
 - l) Búið er að setja nýjan þakdúk á íþróttahúsið í Ólafsvík og verktakinn búinn að skila verkinu.
- 4) **Ragnar fór yfir neðangreinda punkta vegna vinnu byggingarfulltrúa í sumar:**
- a) Yfirferð og samþykkt teikninga
 - b) Skráning fasteigna (lóðir og hús)
 - c) Yfirferð eignaskiptasamninga og skráning þeirra.
 - d) Útgáfa byggingarleyfa.
 - e) Unnið að framkvæmdum og uppgjöri við leikskólann Ólafsvík og Hellissandi, grunnskólanum Hellissandi.
 - f) Undirbúningur fyrir nýtt anddyri á Jaðri.
- 5) **Smári/Valgerður fóru yfir ýmsar framkvæmdir:**
- a) Undirbúin ný skólplögn í Rífi.
- 6) **Kristinn fór yfir nokkra punkta:**
- a) Götumálningu er lokið í sumar í þéttbýli. Áhersla var lögð á að mála gangbrautir.
 - b) Í þessari viku verður lokið við vinnu innanhúss á nýbyggingu á Lýsuhóli og verður þá byrjað á frágangi að utan.
 - c) Skipt var um ristarahlið á Breið.
- 7) **Næsti fundur verður þriðjudaginn 3. september kl. 09:00.**


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:25




Róger Arnarsson.



Smári J. Lúðviksson



Valgerður Kristmannsdóttir



Ólaf Sveinsson



24. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 3. september 2024 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.

Mætt: Kristinn Jónasson, Ævar Sveinsson, Björn Arnaldsson, Smári Jónas Lúðvíksson, Ragnar Már Ragnarsson, Valgerður Kristmannsdóttir, Baldvin Leifur Ívarsson og Matthías Páll Gunnarsson. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð. Vagn Ingólfsson var fjarverandi.

1) Vagn sendi punkta vegna grunnskólamannvirkja:

- a) Verkefni fyrir sumarfrí voru aðallega fólgin í frágangi eftir skólalok.
- b) Bráðabirgðaviðgerð var gerð á gólfduki í eldhúsi grunnskólans í Ólafsvík.
- c) Sparslvinna, almálun og lökkun sólbekkja í 2 skólastofum grunnskólans í Ólafsvík og endurkittun á gluggum að innanverðu.
- d) Sparslvinna og almálun á sal grunnskólans í Ólafsvík.
- e) Yfirferð og blástur á öllum ísskápum, frystum og vatnsvélum skólanna í Ólafsvík og á Hellissandi.
- f) Vinnu Kristjáns Sævarssonar málara lauk í viku 34, fyrir skólaþinginu. Er þá skólinn í Ólafsvík almálaður að utan og allflestir þakkantar oliubornir. Málaramir hafa hjálpað til við að útvega blikkáfellur þar sem þær hefur vantað og sett þær á. Að mínu mati er þeirra vinna virkilega góð og erum við þakklát fyrir það að farið var í þessa nauðsynlegu framkvæmd.
- g) Vinna er í gangi vegna vatnstjóns sem varð í ljósritunarherbergi sem er staðsett í kjallara grunnskólans í Ólafsvík. Gert var við leka sem varð til vegna tengingar vatns við uppþvottavél í kaffistofu starfsfólks á efri hæð. Herbergið var tæmt og parket fjarlæggt. Múrvinna, sparslvinna, smíðavinna og gólf slípað niður fyrir flot. Til stendur að flota gólf vegna mishæðar og dúkleggja það.
- h) Vinna er í gangi við herbergi (efnislager myndmenntastofu) í grunnskólanum á Hellissandi. Þetta herbergi þurfti virkilega að fá yfirhalingu.
- i) Málningarvinna er í gangi á kennslustofu á Hellissandi.
- j) Eiríkur er langt kominn með múrviðgerðir á gluggasillum. Ákveða þarf, og ganga frá því sem fyrst, hvort eigi að setja steinbretti á gluggasillurnar og ganga frá þessu fyrir veturinn.
- k) Það þarf að ganga í það að láta kjarnabora undir þakkant grunnskólans á Hellissandi eins og talað hefur verið um.

2) Björn fór yfir neðangreinda punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:

- a) Framkvæmdum við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík er að ljúka. Smá lokafrágangur er eftir við stigaljós og friholt.
- b) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram. Unnið er við framkvæmdir innanhúss.
- c) Framkvæmdum við stækkun og hækkun á Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík er að mestu lokið. Eftir er að setja upp annan löndunarkrana, stigaljós og tengja vatns og raflagnir.
- d) Unnið er að undirbúningi vegna dýpkunar við gafl Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík og verið er að ræða við verktaka.
- e) Framkvæmdir við sjóvörn á Barðastöðum í Staðarsveit halda áfram. Búið er að fullklára um 70.0 m. af um 160.0 m. sjóvörn. Að loknum þessum framkvæmdum verður unnið við sjóvörn við Keflavíkurgötu á Hellissandi.
- f) Búið er að steypa nýja aðkeyrslu að Trébryggjunni í Rífi. Framkvæmdum lokið.
- g) Verið er að vinna við hönnun vegna endurbyggingar og lengingar á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík. Unnið verður við botnrannsóknir um miðjan september n.k.
- h) Búið er að steypa nýja aðkeyrslu að Trébryggjunni við Gilbakka í Ólafsvík. Framkvæmdum lokið.
- i) Verið er að vinna við undirbúning vegna endurnýjunar á öllum pollum á Suðurpili í Ólafsvík.

3) Leifur fór yfir framkvæmdir:

- a) Á Kríubóli var dúklögð geymsla, sett upp ný uppþvottavél og málara máludu leikskólann að utan.

MPG
SIC
UK
ST

- b) Á Krílakoti var aðstoðað við nýbygginguna.
- c) Aðstoðaði pípara við lagnir vegna sitru við Hlíð á Hellissandi.
- d) Við Grundarbraut 6 var lagt nýtt frárennsli
- e) Ýmislegt annað smávægilegt gert.

4) Ævar fór yfir framkvæmdir:

- a) Byrjað á að endurmerkja og keyra út sorptunnur í þéttbýliskjarna norðan Heiðar.
- b) Skólplögn klárað við nýju viðbygginguna við leikskólann í Ólafsvík og útbúin öndun á sökkulveggi
- c) Lagaður brunahani við Bankastræti í Ólafsvík.
- d) Löguð hurð á klósettum á Arnastapa.
- e) Farið meðfram allri bæjargirðingunni fyrir utan Enni og var hún heil, en samt fullt af kindum inni. Smalaði bæjarlandið og kom þeim út. Reyndust þær koma í gegnum girðingar frístundabænda á Hellissandi og þaðan inn í bæjarlandið.
- f) Smá viðhald á leikskólunum.
- g) Sett niður leiktæki við leikskóla Hellissandi.
- h) Körfuboltastandur lagaður við grunnskólann í Ólafsvík.
- i) Byrjað að grafa fyrir vatni og skólpi í Letisundi í Rífi.
- j) Lagað undir grenndargáma í bæjarfélaginu og í skólunum og þeim komið fyrir.
- k) Búið að leggja vatn og skólpi í Letisundi og beðið eftir efni í götuniðurföll
- l) Búið að keyra út og merkja tunnur í Ólafsvík, Rífi, Hellissandi og Fróðárhrepp
- m) Lagaður leki við Gilbakka 4 á Arnarstapa.
- n) Búið er að slá upp fyrir steypu í kringum Erró.
- o) Það fer 1,5 dagur í hverri viku í það að tína upp rusl í sveitarfélaginu.
- p) Og margt fleira.

5) Matthías fór yfir neðangreinda punkta:

Sundlaug

- a) Háþrýstipvotti á sundlaugarhúsi er lokið.
- b) Varmaskiptir þrífinn fyrir Robust dæurnar.
- c) Gert við klórdælu fyrir vaðlaug.

Íþróttahús

- d) Útiljós löguð á íþróttarhúsi í Ólafsvík.
- e) Steypuviðgerðir á íþróttahúsinu í Ólafsvík ganga ágætlega, en það þarf töluverða framkvæmd fyrir hluta af viðgerðunum. Það þarf að fara í þær framkvæmdir næsta vor.

Annað

- f) Myndavélakerfi sett upp á Jaðri.
- g) 5 útiljós á sett við innkeyrsludyr á slökkvistöð.
- h) Ný slökkviliðskerra sótt fyrir dæluna.
- i) GPS mælingar fyrir tæknideild. Settir niður punktar fyrir Hellisbraut 4.
- j) Skrifborð og tölvur settar upp á tæknideild.
- k) Búið er að hafa samband við framleiðendur ljósanna á íþróttavellinum í Ólafsvík. 6 ljós eru biluð en gert er ráð fyrir að biluðu ljósini verði endurnýjuð nú fljótlega í september.
- l) Búið er að skoða þakið á sundlauginni. Það er kominn tími á að mála það. Það þarf líka að skoða þakrennurnar að norðanverðu.

6) Tæknideildin: Ragnar, Smári og Valgerður fóru yfir neðangreinda punkta:

- a) Í síðustu viku var fóru Byggingarfulltrúi, Matti og Eiríkur múrari yfir ástand múrklæðningar á íþróttarhúsinu í Ólafsvík. Búið er að bæta töluvert af klæðningunni sem var sprungin og verður veturinn notaður til að meta næstu skref varðandi viðhald.
- b) Farið var í lokaúttekt á nýju gistiheimili í sveitarfélaginu sem telur 12 herbergi.

MPP
 Eiríkur
 BTE
 NK
 RA
 SJ

- c) Gengið var frá nýskráningu fjögurra nýrra lóða frá síðasta fundi og hafa þær fengið staðfestingu HMS.
- d) Haldinn var fundur í umhverfis- og skipulagsnefnd þar sem 16 mál voru á dagskrá.
- e) Töluvert af fyrirspurnum berast vikulega til byggingarfulltrúa er varða byggingarmál, uppáskriftir byggingarstjóra, meistara og hvaða gögnum þurfi að skila inn til að fá byggingarleyfi.
- f) Töluvert hefur verið spurt um lausar lóðir innan sveitarfélagsins og var t.a.m tveimur lóðum úthlutað á síðasta fundi umhverfis og skipulagsnefndar. Einnig hefur byggingaraðili sýnt lóð á milli RARIK og Vegargerðarinnar áhuga með það að markmiði að byggja þar geymsluhúsnæði líkt og verið er að byggja á Rífi.
- g) Unnið er að endanlegri hönnun á nýju anddyri fyrir hjúkrunarheimið Jaðar og er stefnt á að framkvæmdir hefjist á næstu vikum. Búið er að semja við verktaka til að sjá um verkefnið.
- h) Unnið er að leiðbeiningum er varða geymslu á gámum innan lóða einstaklinga og fyrirtækja í Snæfellsbæ og verða þær birtar á heimasíðu sveitarfélagsins. Einnig verða send út bréf til eigenda gáma og þeir hvattir til að nýta sér geymslusvæði sem unnið er að við námuna fyrir ofan Ríf, telji þeir ástæðu til áframhaldandi notkunar gámana til lengri tíma. Fyrirtækjaeigendur geta sótt um stöðuleyfi til allt að 12 mánaða. Gámar innan íbúðalóða eru óheimilir nema í undantekningartilfellum s.s vegna flutninga eða endurbóta á húsum. Er þá einungis verið að horfa til skemmri tíma í slíkum tilfellum.
- i) Vinna er í gangi við nýja viðbyggingu við leikskólann í Ólafsvík og er stefnt á að verkið verði langt komið fyrir júl. Um er að ræða töluvert umfangsmikið verk sem fellst í að endurbæta viðbygginguna og byggja nýja tengibyggingu á milli leikskóla og viðbyggingu. Einnig þarf að þrengja gatnamótin við Brúarholt og Engihlíð. Auk þess þarf að steypa nýja gangstétt, ganga frá lóð og færa girðingu lóðarinnar.
- j) Verið er að fara yfir skráningu fasteigna innan sveitarfélagsins m.t.t stærðar, byggingarstigs ofl. Einnig hefur borið á því að eigendur fasteigna þ.m.t smáhýsa hafa ekki sótt um leyfi fyrir slíkum húsum eða látið skrá eignir sínar samkvæmt reglugerð. Verður þeim gert að sækja um heimild fyrir húsunum ásamt því að skila inn þeim gögnum sem nauðsynleg eru til skráningar fasteigna, verði umsóknir samþykktar.
- k) Verið er að vinna að hönnun á nýju almenningssalernishúsi á Arnarstapa.
- l) Verið er að skipta um glugga og hurðir á Líkn. Eitthvað þarf að laga vegg í framhaldi af því og verður það gert síðar.
- m) Önnur dagleg verkefni byggingarfulltrúa

7) Kristinn fór yfir nokkra punkta:

- a) Búið er að mála Engihlíð 16a.

8) Næsti fundur verður þriðjudaginn 1. október kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00

Kristinn Þórnason
Björn Arnarsson
~~*Arnarson*~~
Sman J. Lúdvíksdóttir
Valgerður Kristmannsdóttir
~~*Baldur J. Jónsson*~~
Ólafur Þórnason
Mattwar Póll Gunnarsson
Ólafur Þórnason

Verkefni – markaðs og upplýsingamál

Fundur 21. ágúst 2024

Meðfylgjandi er upptalning á verkefnum sem ég hef unnið sl. vikur og mánuði ásamt öllum þeim daglegu verkefnum sem falla til.

Erró-verkefni

- Við settum upp Erró listaverk í Ólafsvík í sumar. Mikil umsýsla sem fylgdi þessu verkefni.

Skilti fyrir Erró

- Vinn að hönnum og efnisuppsetningu á skilti við Erró-listaverkið með Listasafni Reykjavíkur.

Bæklingur um sorpmál

- Hannaði og setti upp upplýsingabækling sem er dreift með nýjum sorptunnum vegna innleiðingar á nýju flokkunarkerfi í Snæfellsbæ.

Skilti við Bjarnarfoss

- Vinn að skiltum sem verða sett upp við Bjarnarfoss og bæta upplýsingagjöf fyrir gesti. Tengist styrkveitingu sem við fengum úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Upplýsingamiðstöð í Pakkhús

- Færðum upplýsingamiðstöðina úr Átthagastofu í Pakkhúsið í ágúst. Mikil aukning í fjölda sem kemur í upplýsingamiðstöðina.

Spjallmenni

- Hef unnið að innleiðingu á Spjallmenni á heimasíðu Snæfellsbæjar, tengist nýju leitarvélinni og stafrænni umbreytingu. Hluti af samvinnuverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga. Verður tilbúið og komið á snb.is í lok ágúst/byrjun september.

Borðkort af Ólafsvík

- Vinn að útgáfu á borðkorti af Ólafsvík, sambærilegu og við gerðum fyrir Hellissand. Borðkortið átti að koma út í byrjun sumars, en hefur tafist þar sem lítið var um daga til að taka drónamyndir í réttum skilyrðum fyrir teignara í sumar.

Heimasíða fyrir Snæfellsnes

- Í sumar hef ég unnið við vefsíðu Svæðismörkunar Snæfellsness.

Heimir Berg

Jeratún ehf. - kt. 501203-2030

Fundargerð

69. stjórnarfundur Jeratúns ehf.,
haldinn sem fjarfundur, miðvikudaginn 28. ágúst 2024, kl. 09:00.

Mætt: Jakob B. Jakobsson, formaður, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Sigurlaug R. Sævarsdóttir, framkvæmdastjóri og Jónas Gestur Jónasson, lögg. endurskoðandi, sem kynnti árshlutauppgjör og Pétur Steinn Guðmundsson, lögg. endurskoðandi, sem kynnti minnisblað Deloitte.


Formaður setti fund og gengið var dagskrár.


- Árshlutauppgjör jan.-júni 2024**
Sex mánaða milliuppgjör félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024 lagt fram og kynnt.

Árshlutauppgjör samþykkt samhljóða.
- Greiðsluáætlun**
Lögð fram greiðsluáætlun vegna árana 2024-2027.
- Minnisblað Deloitte**
Lagt fram og kynnt minnisblað Deloitte um framtíðarrekstur félagsins og endurgreiðslu hlutafjár.
- Önnur mál**
Rætt um gjöf til FSN í tilefni 20 ára afmælis. Samþykkt að gefa skólanum 2 millj. kr.


Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 9:37.


Kristinn Jónasson


Jakob B. Jakobsson


Björg Ágústsdóttir


Sigurlaug R. Sævarsdóttir



FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur 29. apríl kl. 16.00 í (fjarfundur).

Mætt voru: Kristinn Jónasson, Finnbogi Leifsson, Emil K Sævarsson, Ómar Örn Kristófersson, Steinunn Magnúsdóttir, Magni Grétarsson og Eva Margrét Jónudóttir. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

1. Fundur settur og kosning formanns.

Aldursforseti stjórnar, Finnbogi Leifsson, setti fund. Bauð hann nýjan stjórnarmann velkomna til fundar, Evu Margréti Jónudóttur. Finnbogi gerði að tillögu sinni að Kristinn Jónasson yrði formaður. Samþykkt.

2. Kosning varaformanns

Kristinn þakkaði traustið og geri það að tillögu sinni að Finnbogi Leifsson yrði varaformaður. Samþykkt.

3. Fundargerð síðasta fundar dags. 27.02.2024 og aðalfundar 20.03.2024

Fundargerð frá 27.02.2024 samþykkt.

4. Framkvæmdir og staða í Fíflholtum.

a. Urðunarrein nr. fimm

Framkvæmdir eru hafnar við urðunarrein nr. fimm. Lagðar fram fundargerðir verkfunda dags. 04.04.24 og 18.04.24.

b. Metangassöfnunarkerfi.

Borun í annan hluta reinar nr. fjögur hefst um miðjan maí.

c. Starfsmannaaðstaða

Lagðar fram drög að teikningum að nýju starfsmannahúsnæði.

d. Fok og hreinsun svæðis

Vinna er hafin við hreinsun svæðis eftir veturinn. Rætt um hreinsun svæðisins. Hrefnu og Finnboga falið að skoða málin frekar.

5. Fundargerðir

a. Verkefnisstjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga; dags; 19.02. og 13.03. 2024 Kynntar.

6. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri ræddi sumarstörf o.fl.

7. Önnur mál.

a. Olíumengaður jarðvegur.

Lagt fram erindi frá UST frá 30.01.2024.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:50

Fundarritari: Hrefna B. Jónsdóttir

Fullgild rafræn undirskrift

FINNBOGI LEIFSSON
Kennitala: 310355-2089
2024-08-24 10:14:03 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

EMIL KRISTMANN SÆVARSSON
Kennitala: 260790-2699
2024-08-24 10:57:27 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

EVA MARGRÉT JÓNUDÓTTIR
Kennitala: 010592-2679
2024-08-24 18:49:40 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

MAGNI GRÉTARSSON
Kennitala: 200185-2999
2024-08-26 20:21:40 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

HREFNA BRYNDÍS JÓNSDÓTTIR
Kennitala: 130864-3849
2024-08-23 11:36:35 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

KRISTINN JÓNASSON
Kennitala: 300965-3779
2024-08-23 11:48:14 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ÓMAR ÖRN KRISTÓFERSSON
Kennitala: 010682-4799
2024-08-23 12:06:20 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

STEINUNN INGIBJÖRG MAGNÚSDÓTTIR
Kennitala: 090970-3219
2024-08-23 13:08:41 GMT
Ástæða: Undirskrift



FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur 25. júní kl. 16 í gegnum TEAMS

Mætt voru: Kristinn Jónasson, Steinunn Magnúsdóttir, Finnbogi Leifsson, Eva Margrét Jónudóttir, Emil K Sævarsson, Magni Grétarsson og Ómar Örn Kristófersson. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

1. Fundur settur

Formaður stjórnar, Kristinn Jónasson, setti fund kl. 16:00.

2. Fundargerð síðasta fundar frá 29.04.2024

Samþykkt

3. Framkvæmdir og staða í Fíflholtum.

a. Urðunarrein nr. fimm

Lagðar fram fundargerðir verkfunda dags. 28.05. og 13.06.2024

Gerð grein fyrir breytingum á eftirlitsaðila verksins. EFLA verkfræðistofa hefur komið inn í það verkefni.

Lögð fram gögn frá EFLU til verktaka. Greitt hefur verið fyrir ca 10% framvindu fyrir verkið.

Framkvæmdastjóri greindi frá fundi sem haldinn var 24.06.

b. Gassöfnunarkerfi

Lögð fram tímaáætlun. Boruð hafa verið tíu rör í annan þriðjung haugsins.

Framkvæmdastjóri fór yfir næstu skref.

c. Starfsmannaáðstaða

i. Teikning VA arkitekta og verðhugmyndir

Framkvæmdastjóri fór yfir þau gögn sem fyrir liggja fyrir við skoðun á uppsetningu nýrrar starfsmannaáðstöðu. Samþykkt að við á sér meiri gögnum til samanburðar við það sem komið er.

d. Fok og hreinsun svæðis

Framkvæmdastjóri sagði frá. Hvassviðri síðustu daga kalla á stöðuga vakt í þeim efnum.

4. Fundargerðir

a. Verkefnisstjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Dags: 28.05.2024. Lögð fram

5. Samráðsvettvangur sorpsamlaganna á SV-horninu

a. Fundargerð frá 31.05.2024

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir efni fundarins.

Ítarlega var greint frá kynningu Sorpstöðvar Rangárvallasýslu. Þrjú sveitarfélög sem standa að Sorpstöð Rangárvallasýslu ákváðu að fara þá leið að taka yfir söfnun úrgangs á sínu starfssvæði. Þessi leið hefur heppnast vel og hefur kallað á margvíslegar áskoranir.

6. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri greindi frá fyrirhugðum starfsmannabreytingum.

7. Önnur mál

a. Gróðursetning í Fíflholtum

Rætt um næstu skref.

b. Næsti stjórnarfundur

Samþykkt að halda næsta stjórnarfund í Fíflholtum og skoða framkvæmdir við nýja urðunarrein. Stefnt á mánudaginn 15. júlí kl. 15.

8. Fundarslit kl. 17:30

Fundarritari: Hrefna B Jónsdóttir

Fullgild rafræn undirskrift

STEINUNN INGIBJÓRG MAGNÚSDÓTTIR

Kennitala: 090970-3219

2024-08-23 13:09:54 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

FINNBOGI LEIFSSON

Kennitala: 310355-2089

2024-08-24 10:15:37 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

EMIL KRISTMANN SÆVARSSON

Kennitala: 260790-2699

2024-08-24 10:59:23 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

EVA MARGRÉT JÓNUDÓTTIR

Kennitala: 010592-2679

2024-08-24 18:50:28 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

HREFNA BRYNDÍS JÓNSDÓTTIR

Kennitala: 130864-3849

2024-08-23 11:45:13 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

KRISTINN JÓNASSON

Kennitala: 300965-3779

2024-08-23 11:48:57 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ÓMAR ÖRN KRISTÓFERSSON

Kennitala: 010682-4799

2024-08-23 12:07:12 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

MAGNI GRÉTARSSON

Kennitala: 280185-2999

2024-08-23 12:15:49 GMT

Ástæða: Undirskrift



181 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, mánudaginn 6. maí kl. 09:30 að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi.

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Ragnar Sæmundsson, Elín Gunnarsdóttir, Pétur Davíðsson, Sigurður Guðmundsson, Ingibjörg Þ. Steinudóttir, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson og Júníana Óttarsdóttir. Sigurbjörg Ottesen sat fundinn á Teams. Einar Brandsson sat fundinn í forföllum Lífur Lárusdóttur. Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV ritaði fundargerð.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.09:30

1. Fundargerð frá 180 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 180 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina

2. Kosning varaformanns SSV

Í kjölfar kosninga á nýrri stjórn SSV á síðasta aðalfundi bar stjórn að kjósa varaformann samkvæmt samþykktum. Líf Lárusdóttir var kosin varaformaður SSV.

3. Fundur um vegamál

Í kjölfar ályktunar um vegamál á aðalfundi SSV var óskað eftir fundi með innviðaráðherra, forsvarsmönnum Vegagerðarinnar og þingmönnum. Í umræðu kom fram mikilvægi þess að formenn fjárlaganefndar og umhverfis- og samgöngunefndar verði til staðar á fundinum. Fundurinn mun fara fram 10 maí n.k. í Gestastofu Snæfellinga á Breiðabliki og hefst kl.14.00

4. Breytingar á áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að breytingum á fjárveitingum til áhersluverkefna. Stjórn samþykkti að samtals verði varið 4 m.kr. til þess að styrkja starf nýsköpunarsetra og samvinnurýma á Vesturlandi. Fjármagnið verður tekið úr verkefnunum Aðlaðandi Vesturland og Opinber störf á Vesturlandi, en þar var ónotað fjármagn.

5. Sóknaráætlun 2025-2029

Lögð fram verkáætlun og tilboð frá Urbana ehf. um ráðgjafavinnu við gerð Sóknaráætlunar Vesturlands 2025-2029. Framkvæmdastjóra falið að ganga til viðræðna við Urbana á grundvelli tilboðs.

6. Breiðafjarðarverkefnið

Farið yfir tillögur vinnuhóps um Forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar

með tilliti til byggðabróunar og sjálfbærrar nýtingar. Í umræðu um verkefnið spurðist Pétur Davíðsson fyrir um vatnshlot, en Jakob Björgvin fulltrúi SSV í vinnuhópnum greindi frá því að ekki hefði orðið umræða um það á vettvangi hópsins. Jafnframt var lögð fram tillaga að bókun vegna vinnu við haf- og strandsvæðaskipulag fyrir Breiðafjörð. Eftirfarandi bókun var samþykkt;

„Í mars 2024 voru haldnir þrjú íbúafundir við Breiðafjörð á vegum verkefnisstjórnar umhverfis-, orku og loftlagsráðherra um verndun og nýtingu Breiðafjarðar. Á fundunum voru settar fram til umræðu drög að tillögum sem verkefnisstjórn hefur mótað á grundvelli stöðu-, hag og sviðsmyndagreininga. Tillögur verkefnisstjórnar fengu góðan hljómgrunn íbúa og þar með talin tillaga verkefnisstjórnar er fjallar um gerð skipulags haf- og strandsvæða við Breiðafjörð. Stjórn SSV telur mikilvægt koma á framfæri þeim vilja um að hefja beri verkefnið sem fyrst. Framkvæmdastjóra er falið að kalla eftir viðhorfi sveitarfélaga sem málið varðar og koma rökstuðningi til umhverfis og samgöngunefndar Alþingis.

7. Minnisblað um samvinnurými og nýsköpunarsetur

Lagt fram minnisblað um stuðning við samvinnurými og nýsköpunarsetur. Stjórn samþykkti að senda minnisblaðið til Innviðaráðuneytis og Byggðastofnunar.

8. Farsældardagur á Vesturlandi

Lagt fram minnisblað og dagskrá Farsældardags Vesturlands sem fer fram 16 maí n.k. Jafnframt er lögð fram kynning frá mennta- og barnamálaráðuneytinu á samþættingu verkefna undir hatti farsældar. Framkvæmdastjóri kynnti einnig að ráðuneyti mennta- barnamála væri reiðubúið til þess að gera viðaukasamning við Sóknaráætlun Vesturlands um að SSV fengi fjármagn til þess að ráða tímabundið starfsmanna til þess að útfæra starfsemi Farsældarráðs fyrir Vesturland og aukið samstarf sveitarfélaga varðandi farsæld barna.

Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna áfram að verkefninu og kynna það fyrir sveitarfélögum ásamt drögum að samkomulagi um starf verkefnisstjóra.

9. Fréttir af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Einar Brandsson fulltrúi í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fór yfir helstu mál af vettvangi sambandsins. Pétur Davíðsson óskaði eftir að bóka eftirfarandi í tengslum við umræðu um gjaldfrjálsar skólamáltíðir.

“Það er alveg ljóst að formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga fór fram úr umboði sínu með aðkomu að kjarasamningum á almennum vinnumarkaði fyrr í vetur”

10. Framlögð mál

- Framlögð fundargerð frá 947 fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Framlögð fundargerð frá 62 fundi SSNE



182 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 19 júní kl.10.00 í ráðhúsinu í Grundarfirði.

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Ragnar Sæmundsson, Einar Brandsson, Elín Gunnarsdóttir, Pétur Davíðsson, Ingibjörg Steinudóttir, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson, Júniana Óttarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen. Sigurður Guðmundsson boðaði forföll og varamaður hans hafði ekki tók á að mæta. Auk þess sat Páll S. Brynjarsson fundinn og ritaði fundargerð.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.10.00

1. Fundargerð frá 181 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 181 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn samþykkti fundargerðina með smávægilegum breytingum.

2. Ritun fundargerða stjórnar SSV

Rætt um ritun fundargerða stjórnar SSV og áherslur þar að lútandi. Ekki eru birtar leiðbeiningar um ritun fundargerða landshlutasamtaka og ekki er kveðið sérstaklega á um ritun þeirra í samþykktum SSV. Landshlutasamtök hafa nýtt sér leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarfélaga, auglýsing frá 04.10 2021. Eftir umræður varð niðurstaða stjórnar að fylgja þeirri hefð við ritun fundargerða sem verið hefur undanfarin ár, en gæta þess að fjalla með ítarlegri hætti um um heimsóknir gesta og sambærilega dagskrárliði.

3. Fundur um vegamál

Lagt fram minnisblað frá fundi um vegamál á Vesturlandi sem fór fram í Breiðabliki á Snæfellsnesi 10 maí sl. Á fundinum tók þátt um helmingur kjörinn fulltrúa í sveitarstjórnnum á Vesturlandi, framkvæmdastjórar sveitarfélaga, helmingur alþingismanna NV-kjördæmis, forstjóri Vegagerðarinnar og ráðuneytisstjóri innanríkisráðuneytisins. Rætt var um samgöngumál og þá stöðu sem upp er eftir að ákveðið var að fresta samþykkt samgönguáætlunar. Áfram verður unnið að því að koma áherslum sveitarfélaga á Vesturlandi á framfæri.

4. Sóknaráætlun 2025-2029

Framlagður til kynningar samningur við Úrbana skipulagsráðgjöf um ráðgjöf við mótun Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árin 2025-2029. Stjórn staðfesti samninginn. Jafnframt var lögð fram verkefnaáætlun Úrbana. Fram kom í kynningu framkvæmdastjóra að vinna er komin vel á veg og er í samræmi við verkefnaáætlun.

5. Farsæld á Vesturlandi

Framlagður viðaukasamningur við Sóknaráætlun Vesturlands við mennta- og barnamálaráðuneytið. Samningurinn felur í sér stuðning við SSV til þess að ráða tímabundið í starf verkefnisstjóra farsældar á Vesturlandi. Fjárveitingin mun standa undir 80% stöðugildi í tvö ár. Stjórn staðfesti samninginn. Lagt er til að framkvæmdastjóra sé falið að auglýsa eftir verkefnisstjóra. Starfslýsing og áherslur við ráðningu verða unnin í samráði við starfshóp SSV um velferð á Vesturlandi.

Jafnframt var lagt fram minnisblað frá Farsældardegi Vesturlands sem fór fram í Hjálmakletti í Borgarnesi 16 maí sl. Stjórn lýsti ánægju sinni með farsældardaginn, en um 120 manns tóku þátt í deginum. KPMG eru þökkuð góð störf við ráðgjöf að undirbúningi og framkvæmd dagskrár.

6. Forvarnir gegn ofbeldi

Framlögð samstarfsyfirlýsing aðila á Vesturlandi um verkefnið Öruggara Vesturland - Forvarnir gegn ofbeldi. Aðilar að verkefninu, auk SSV, eru sveitarfélögin á Vesturlandi, HVE, framhaldsskólar, sýslumaðurinn á Vesturlandi, íþróttahreyfingin, Vesturlandsprófastdæmi, ríkislögreglustjóri og lögreglustjórinn á Vesturlandi sem leiðir verkefnið.

7. Skýrsla vinnuhóps um samstarf slökkviliða á Vesturlandi.

Ragnar Sæmundsson formaður vinnuhóps um samstarf slökkviliða á Vesturlandi kynnti skýrslu um samstarf slökkviliða á Vesturlandi. Í niðurstöðum skýrslunnar er lagðar fram tillögur að þremur sviðsmyndum um aukið samstarf eða sameiningar slökkviliða. Stjórn samþykkti að senda skýrsluna til sveitarfélaga á Vesturlandi og standa fyrir kynningarfundum í ágúst um hana.

8. Íbúakönnun landshlutanna

Íbúakönnun landshlutanna kom út nýverið, en hún er unnin af Vífli Karlssyni. Stjórn ræddi aðferðafræði og helstu niðurstöður könnunarinnar. Samþykkti að óska eftir því að

9. Málefni bænda

Stjórn SSV barst erindi frá sveitarstjórnarfulltrúum á Vesturlandi varðandi þau áföll sem dunið hafa íslenskum bændum undanfarið vegna veðurs og kalskemmda í tünnum. Sigurbjörg Ottesen kynnti erindið. Í kjölfar umræðan samþykkt stjórn SSV eftirfarandi; „Stjórn SSV skorar á stjórnvöld að beita sér fyrir því að unnar verði viðbragðsáætlanir vegna áfalla í landbúnaði á landsvísu. Samhliða því tryggi stjórnvöld fjármagn til að bæta slík tjón og leikreglur varðandi bætur séu bæði skýrar og fyrirsjáanlegar frá ári til árs.“

10. Ferðapjónusta á Vesturlandi

Á fundinn mætir Margrét Björk fagstjóri áfangastaða- og markaðsstofu Vesturlands og kynnti starfsemi Áfangastaða- og Markaðsstofu Vesturlands. Margrét fór yfir skipulag, helstu verkefni og samstarfsaðila. Hún kynnti jafnframt nýjar áherslur og verkefni við kynningu á áfangastaðnum Vesturlandi.

11. Fréttir af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Einar Brandsson fulltrúi í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fór yfir helstu mál af vettvangi sambandsins. Þar kom fram að fundum stjórnar undanfarið hafa verið umræður um kjarasamninga, tekjustofna sveitarfélaga, málefni fatlaðra og stuðning við Grindavík vegna náttúruhamfara.

12. Flutningur opinberra starfa á Vesturland

Framkvæmdastjóri greindi frá því að Umhverfis-orku og loftlagsráðuneytið hefði óskað eftir samstarfi við SSV varðandi flutning nýrrar Náttúrufræðistofnunar á Vesturland. Stjórn samþykkti að fela formanni og framkvæmdastjóra að hefja viðræður við ráðuneytið um verkefnið.

Fundi slitið kl.13.10

Fundargerð 464. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2024, fimmtudaginn 15. ágúst kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Elliði Vignisson, Dóra Björk Gunnarsdóttir og Björn Arnaldsson.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson og Gréta Mar Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 463. fundar - 2401001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 463. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 7. maí 2024 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

Gunnar Tryggvason kom inn á fundinn kl. 11:37.

2. Dagskrá hafnasambandsþings - 2210002HA

Lögð fram drög að dagskrá hafnasambandsþings sem haldið verður á Akureyri 24.-25. október 2024.

Formanni og starfsfólki falið að vinna málið áfram.

3. Breytingar á hafnalögum - 2403001HA

Rætt um breytingar á hafnalögum sem samþykktar voru í sumar. Þar ber helst að nefna eldisgjald sem kemur nýtt inn í lögin en þó á eftir að útfæra. Einnig voru þar gerðar breytingar á mörkun hafnarsvæða á sjó og skulu þær breytingar liggja fyrir eigi síðar en í lok árs 2025. Var innviðaráðuneytinu falið að gera tillögu að útfærslum að slíkum breytingum en tryggt er að gjaldheimild sé fyrir hafnir á öllum tilgreindum hafnarsvæðum sem eru sannarlega þjónustusvæði hafna þar með talið viðlegusvæðum farþegaskipa.

4. Siglingaráð - 2009019HA

Rætt um stöðu siglingaráðs en siglingaráð hefur ekki fundað síðan 8. febrúar 2024.

Stjórn Hafnasambands Íslands skorar á innviðaráðherra að tilnefna sem fyrst formann í Siglingaráði svo hægt sé að hefja starf ráðsins sem fyrst enda er starf þess mikilvægt fyrir hafnir landsins.

Ítrekar stjórn jafnframt óskir um að hafist verði þegar við vinnu við öryggisúttekt sbr. fyrri erindi til ráðuneytisins og bókanir Siglingaráðs.

5. **Samráðsnefnd Fiskistofu og hafnasambandsins - 2009020HA**

Rætt um stöðu tilraunaverkefnis um fjarvigtun en Fiskistofa er að vinna verklagsreglur fyrir verkefnið.

6. **Aðgangur Fiskistofu að eftirlitsmyndavélum hafna - 2306001HA**

Rætt um aðgang Fiskistofu að myndbandsgögnum úr kerfum hafnasjóða og þess kostnaðar sem fellur til vegna slíkra beiðna.

Stjórn samþykkir að fela óháðum aðila að vinna úttekt á málinu og kynna á Hafnasambandsþingi á Akureyri í október.

Fundi var slitið kl. 12:15

Gjaldskrá förgun og móttaka gámaplan fyrirtæki
Snæfellsbær

- DRÖG3 -

1. júní 2024

Almennur heimilsúrgangur og grófur úrgangur			
4000	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	48	ISK/kg
4001	Óflokkaður grófur úrgangur/húsgögn	69	ISK/kg
4032	Lífrænn úrgangur	71	ISK/kg
Timbur			
4005	Timbur litað	55	ISK/kg
4006	Timbur ólitað	45	ISK/kg
Gler og steinefni			
4008	Gler og óvirkur úrgangur(múrbrot, gips..)	39	ISK/kg
4009	Asbest, einangrunarefni sem inniheldur asbest	59	ISK/kg
4037	Garðaúrgangur	24	ISK/kg
Veifaræri og annað útgerðarefni			
4011	Veifaræri	75	ISK/kg
4012	Úrgangur frá sjávareldi og fiskveiðum	59	ISK/kg
4013	Grófur plastúrgangur - fiskikör o.þ.h.	79	ISK/kg
Pappír og pappi			
4014	Bylgjupappi	5	ISK/kg
4015	Pappír og pappi	39	ISK/kg
Plast			
4019	Plast og plastumbúðir	39	ISK/kg
4020	Frauðplast	99	ISK/kg
4030	Plast mjúkt	19	ISK/kg
Sóttmengað, slátur- og holræsaúrgangur			
4021	Úrgangur frá vinnslu kjöts og fisks	49	ISK/kg
4022	Eðja frá rotþróum, skólphreinsun	49	ISK/kg
4023	Sláturúrgangur og dýrahæ	59	ISK/kg
4025	Sóttmengaður úrgangur	249	ISK/kg
Málmar			
4028	Brotamálmur pr. /kg.	19	ISK/kg
Raftæki og spilliefni			
	Kælitæki		gjaldfrjálst
	Lítill raftæki		gjaldfrjálst
	Ljósaperur		gjaldfrjálst
4051	Rafgeymar - fyrirtæki		gjaldfrjálst
4052	Skjái		gjaldfrjálst
4052	Stór raftæki		gjaldfrjálst
	Tölvur, prentarar og símar		gjaldfrjálst
	Rafhlöður		gjaldfrjálst

Öll verð eru með vsk.



Reglur um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Breytingasaga				
Heiti	Dagsetning	Útgáfa	Höfundur	Lýsing
Reglur um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga	01.09.2024	1.0	Deloitte ehf.	Fyrsta útgáfa reglna
Reglur um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga		1.1		Dæmi: Yfirferð á útgáfu 1.0 og lagðar til minniháttar orðalagsbreytingar
Reglur um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga		2.1		Dæmi: Uppfærður kafli um XX til að endurspeglar breytingar á XX



1. Markmið og gildissvið

Markmið reglna þessara er að stuðla að því að Snæfellsbær (hér eftir einnig „SNB“ og „sveitarfélagið“) fari með persónuupplýsingar í starfsemi sinni í samræmi við grundvallarsjónarmið um persónuvernd og friðhelgi einkalífs sem koma fram í lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlög).

Reglurnar gilda um sérhverja vinnslu persónuupplýsinga í starfsemi sveitarfélagsins og undirstofnana, þ.m.t. söfnun upplýsinga, skráningu þeirra, samkeyrslu, afhendingu, varðveislu og aðra meðferð persónugreinanlegra upplýsinga.

Er reglunum einkum ætlað að tryggja að Snæfellsbær:

- vinni persónuupplýsingar í samræmi við persónuverndarlög
- meðhöndli persónuupplýsingar með gagnsæjum og öruggum hætti
- lágmarki þá áhættu sem brot á persónuverndarlögum getur haft í för með sér

2. Almennar reglur um meðferð persónuupplýsinga

2.1 Hvernig má vinna með persónuupplýsingar

Við meðferð persónuupplýsinga skal ávallt gæta þess að vinnsla samrýmist meginreglum persónuverndarlaga þannig að upplýsingar séu unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart einstaklingum, þ.m.t. starfsfólki, fasteignaeigendum, íbúum, þjónustugegum, og öðrum sem eiga í samskiptum við sveitarfélagið, og í skýrum og yfirlýstum tilgangi. Sömu leiðis skal öll vinnsla vera nægileg, viðeigandi og ekki umfram þann tilgang sem að er stefnt hverju sinni. Þá uppfærir sveitarfélagið persónuupplýsingar eftir þörfum og tryggir áreiðanleika þeirra og viðunandi öryggi á öllum stigum vinnslu. Persónuupplýsingar skal ekki varðveita á persónugreinanlegu formi lengur en þörf krefur samkvæmt þeim lögum og reglum sem eiga við í starfsemi sveitarfélagsins, eða eins lengi og lögmætir hagsmunir sveitarfélagsins krefjast og málefnaleg ástæða gefur tilefni til.

2.2 Hvenær má vinna með persónuupplýsingar

Snæfellsbær skal eingöngu vinna persónuupplýsingar í starfsemi sinni ef til staðar er heimild í 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga og til viðbótar heimild í 1. mgr. 11. gr. laganna, ef um viðkvæmar persónuupplýsingar s.s. um stéttarfélagasáðild eða heilsufar er að ræða. Ef vafi er uppi um það hvort sveitarfélagið hafi heimild til vinnslunnar skal fram kvæma mat á lögmæti vinnslunnar og hafa samband við persónuverndarfulltrúa.



Nýja, breytta eða uppfærða vinnsla persónuupplýsinga skal ekki hefja nema undangengnu skriflegu mati á því hvaða heimild í 9. gr. og/eða 11. gr. persónuverndarlaga eigi við með því að svara gátlista sem staðfestir að um rædd vinnsla sé lögmæt og samrýmist meginreglum persónuverndarlaga. Beri gátlisti með sér að vinnsla persónuupplýsinga geti farið fram, skal bæjarstjóri, eða annar í hans umboði, heimila slíka vinnslu áður en hún hefst með rekjanlegum hætti.

Þegar vinnsla persónuupplýsinga byggir á samþykki einstaklings getur Snæfellsbær unnið með upplýsingarnar í samræmi við umfang samþykkisins. Varði samþykki fleiri en eitt málefni skal samþykki vera aðgreint eftir málefnum eða tilgangi þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem um ræðir. Snæfellsbær skal geta sýnt fram á veitt samþykki frá hinum skráða eða eftir atvikum öðrum forsjáraðila eða lögráðamanni á grundvelli umboðs, ef hinn skráði er ekki fær um að samþykkja vinnslu. Tryggja skal rekjanleika samþykkis með viðeigandi skjölun eða rekjanleika í upplýsingakerfum eða hugbúnaði s.s. með rafrænum skilríkjum. Ávallt skal upplýsa einstakling um að hann eigi þess kost að afturkalla samþykki sem hann hefur veitt.

Þegar vinnsla persónuupplýsinga byggir á lögmætum hagsmunum Snæfellsbæjar skal framkvæma lögmætt hagsmunamat með skriflegum hætti, áður en vinnslan hefst, til að ganga úr skugga um að sveitarfélagið hafi ríkari hagsmuni af þeirri vinnslu sem um ræðir sem einnig vegi þyngra en einkalífshagsmunir einstaklings af því að vinnsla fari ekki fram.

Starfsfólki Snæfellsbæjar er óheimilt að fletta upp eða vinna með persónugreinanlegar upplýsingar í kerfum sveitarfélagsins nema starf þeirra krefjist þess sérstaklega.

3. Réttindi einstaklinga og gagnsæi

3.1 Upplýsingaskylda og varðveisla

Snæfellsbær tryggir gagnsæi um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga og veitir einstaklingum fræðslu um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram um þá í starfsemi sveitarfélagsins. Fræðslu skal ávallt veita áður en vinnsla hefst.

Í persónuverndaryfirlýsingum sveitarfélagsins og sértækum yfirlýsingum undirstofnana er að finna þá lágmarksfræðslu sem hinir skráðu eiga rétt á hverju sinni, m.a. um hvaða persónuupplýsingar eru unnar í starfsemi, í hvaða tilgangi þær eru unnar og á hvaða grundvelli, hverjir fá aðgang að upplýsingunum og hvaða rétt einstaklingarnir eigi telji þeir á sér brotið. Viðbótarfræðsla um sérhæfða vinnslu er einnig veitt eftir þörfum, t.d. í skilmálum, á eyðublöðum, í rafrænum lausnum eða þar sem persónuupplýsinga er aflað. Verði breyting á vinnslu eða meðferð persónuupplýsinga skal rýna og uppfæra fræðslu til einstaklinga til samræmis þar sem við á.



Rafræn varðveisla skal vera á öruggum miðli þar sem öryggisráðstafanir eru uppfærðar í samræmi við öryggiskröfur sveitarfélagsins hverju sinni. Persónuupplýsingar á pappírformi eru varðveittar á skjalasafni sveitarfélagsins. Sveitarfélagið varðveitir persónuupplýsingar ýmist á rafrænu formi eða pappírformi. Geymsluáættun sveitarfélagsins tekur mið af varðveisluskyldu sem kveðið er á um í lögum, m.a. lögum um ársreikninga, bókhald, opinber skjalasöfn og persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

3.2 Réttindi einstaklinga

Fasteignaeigendur, íbúar, þjónustuþegar, starfsfólk og aðrir skráðir einstaklingar eiga rétt á staðfestingu frá sveitarfélaginu um það hvort unnið sé með persónuupplýsingar um viðkomandi og ef svo er rétt til aðgangs og afrita af þeim upplýsingum. Einnig eiga skráðir einstaklingar önnur réttindi sem nánar er fjallað um í persónuverndaryfirlýsingum sveitarfélagsins og undirstofnana m.a. til leiðréttingar og eyðingar persónuupplýsinga, til takmörkunar vinnslu, til að andmæla vinnslu og til að sæta ekki sjálfvirkri ákvarðanatöku.

Berist starfsfólki erindi frá fasteignaeiganda, íbúa, þjónustuþega, eða öðrum skráðum einstaklingi sem varðar framangreind réttindi skal framsenda erindið án tafar til [starfsheiti þess starfsmanns/aðila sem sér um að afgreiða réttindabeiðni] á netfangið [netfang þess starfsmanns/aðila sem sér um að afgreiða réttindabeiðni], eins og nánar er lýst í verklagsreglu um réttindi einstaklinga.

Leitast skal við að svara öllum beiðnum sem berast innan 30 daga. Ekki skal tekið gjald fyrir beiðni er varða framangreind réttindi nema um sé að ræða endurteknar beiðni sem eru augljóslega tilefnislausar. Þó er heimilt að innheimta sanngjarnt gjald, byggt á stjórnsýslukostnaði við upplýsingagjöfina eða umsýslukostnaði fari einstaklingur fram á fleiri en eitt eintak af afriti af persónuupplýsingum sínum.

4. Skyldur sveitarfélagsins

4.1 Öryggi persónuupplýsinga

Ávallt skal gera viðeigandi skipulagslegar og tæknilegar öryggisráðstafanir til að tryggja öryggi persónuupplýsinga í samræmi við kröfur laga sem og stefnur og verklagsreglur sveitarfélagsins á sviði net- og upplýsingaöryggis. Vernda skal persónuupplýsingar, m.a. gegn óleyfilegri eða ólögumætri vinnslu, gegn því að þær glatist, eyðileggist eða breytist fyrir slysi eða berist óviðkomandi.

Starfsfólki skal eingöngu vera heimilt að nota vél- og hugbúnað fyrir vistun og vinnslu persónuupplýsinga sem sveitarfélagið hefur gefið samþykki fyrir. Starfsfólki er óheimilt að meðhöndla persónuupplýsingar utan vinnustaðar nema unnt sé að tryggja fullnægjandi öryggi þeirra. Þá skal starfsfólk ekki vista eða



vinna persónuupplýsingar á eigin tækjum, þ.m.t. tölvum, farsímum og öðrum færanlegum geymslum iðlum nema með heimild sveitarfélagsins.

Snæfellsbær skráir aðgerðir starfsfólks í helstu upplýsingakerfum og hugbúnaði auk þess sem aðgangur að nauðsynlegum persónugreinanlegum upplýsingum er aðgangsstýrður í samræmi við starfslýsingu og þarfir starfsfólks. Auk þess veitir sveitarfélagið starfsfólki reglulega fræðslu og þjálfun um öryggi og meðferð persónuupplýsinga og þær skyldur sem hvíla á starfsfólki í þessum efnum.

Starfsfólki ber skylda til að tilkynna persónuverndarfulltrúa án tafar um öll atvik sem geta falið í sér að óviðkomandi fái aðgang að persónuupplýsingum, að persónuupplýsingar breytist fyrir mistök eða án heimildar eða verði óaðgengilegar þeim sem á þurfa að halda. Verði starfsmaður var við slíkan öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga skal hann án tafar upplýsa forstöðumann hlutaðeigandi stofnunar og persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins um brestinn með því að senda póst á netfangið personuvernd@snb.is og fylgja verklagsreglu um öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga.

4.2 Þjálfun- og vitundarvakning

Snæfellsbær skal tryggja að starfsfólk hafi vitund og skilning á því hlutverki sem það gegnir í tengslum við meðhöndlun persónuupplýsinga í starfi og skyldur sveitarfélagsins skv. persónuverndarlögum og reglum þessum. Bæjarstjóri, eða annar í hans umboði, sér til þess að tryggja starfsfólki viðeigandi þjálfun og fræðslu reglulega í samræmi við þjálfunar- og fræðsluáætlun sveitarfélagsins.

4.3 Vinnsluskrá

Sveitarfélagið skal halda rafræna skrá yfir þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í starfsemi þess hverju sinni. Vinnsluskrá er lifandi skjal og því er mikilvægt að aðlaga skrána að breyttum aðstæðum, s.s. vegna nýrrar eða breyttrar vinnslu persónuupplýsinga, breytts tilgangs vinnslu, nýrra upplýsingakerfa, hugbúnaðar og/eða vinnsluaðila.

Vinnsluskrá skal varðveita á miðlægu svæði. Ávallt skal gæta þess að þar sé að finna nýjustu útgáfu hverju sinni. Halda skal utan um breytingasögu vinnsluskrár svo skráin beri með sér hvenær og hvernig henni var breytt.

Ábyrgð á gerð og viðhaldi upplýsinga í vinnsluskrá hvílir hjá ábyrgðarmönnum eða kerfiseigendum upplýsingakerfa, forstöðumönnum stofnana/sviða/deilda og eftir atvikum öðrum í þeirra umboði, eftir eðli vinnslu persónuupplýsinga hverju sinni.

Vinnsluskrá skal endurskoðuð minnst árlega og í hvert sinn sem breytingar verða á vinnslustarfsemi sveitarfélagsins. Sá starfsmaður sem fær samþykki bæjarstjóra, eða annars í hans umboði, fyrir nýrri eða breyttri vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við grein 2.2. skal sjá til þess að vinnsluskrá sé uppfærð til samræmis.



4.4 Afhending persónuupplýsinga til þriðju aðila

Ekki skal afhenda eða veita þriðja aðila aðgang að persónuupplýsingum um starfsfólk, fasteignaeigendur, íbúa, þjónustugega, eða aðra einstaklinga sem sveitarfélagið býr yfir upplýsingum um nema fyrir liggja skýr lagaskylda og/eða fram kemur lögmæt og skrifleg beiðni um slíkt frá til þess bærum aðilum s.s. einstaklingi sjálfum eða opinberum aðilum s.s. lögreglu eða öðru lögbæru yfirvaldi.

Sveitarfélaginu er þó heimilt að fela utanaðkomandi vinnsluaðila að vinna persónuupplýsingar, að hluta eða í heild, fyrir sína hönd. Forsenda fyrir því er að sveitarfélagið gangi úr skugga um að viðkomandi geti tryggt viðeigandi öryggi þeirra persónuupplýsinga sem veittur er aðgangur að og uppfyllt kröfur persónuverndarlaga að öðru leyti. Ávallt skal gera skriflegan vinnslusamning um slíka vinnslu í samræmi við verklagsreglu sveitarfélagsins varðandi val og samningagerð við vinnsluaðila og má vinnsluaðili eingöngu vinna persónuupplýsingar samkvæmt fyrirmælum sveitarfélagsins.

Snæfellsbæ er óheimilt að miðla persónuupplýsingum út fyrir EES-svæðið. Ef nauðsynlegt er að miðla persónuupplýsingum til þjónustu- eða vinnsluaðila utan svæðisins skal innleiða viðeigandi verndarráðstafanir til að tryggja öryggi persónuupplýsinga s.s. með dulkóðun upplýsinganna í samræmi um flutning og miðlun persónuupplýsinga. Ávallt skal leita álits persónuverndarfulltrúa ef fyrirhugað er að miðla persónuupplýsingum út fyrir Evrópu.

Miðlun persónuupplýsinga skal að öðru leyti fara eftir fyrirmælum í verklagsreglu um flutning og miðlun persónuupplýsinga.

4.5 Innbyggð og sjálfgefni persónuvernd

Þegar Snæfellsbær þróar, hannar, velur, kaupir eða notar nýjar vörur, þjónustuleiðir, upplýsingakerfi eða hugbúnað, sem felur í sér vinnslu persónuupplýsinga, er nauðsynlegt að huga að skyldu persónuverndarlaga til að tryggja innbyggða og sjálfgefna persónuvernd í vinnslunni þannig að öryggis og meðalhófs sé gætt.

Bæjarstjóri eða annar í hans umboði skal sjá til þess að við vinnslu persónuupplýsinga séu gerðar viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir, sem hannaðar eru inn í upplýsingakerfi, hugbúnað eða vinnslu. Ráðstafanir skulu einkum tryggja:

- lágmörkun vinnslu persónuupplýsinga þannig að fyrir liggja að ekki sé unnið með umfangsmeiri persónuupplýsingar en nauðsynlegt er hverju sinni
- að persónuupplýsingar séu ekki varðveittar lengur en þörf krefur eins og lög heimila, t.d. með sjálfvirkum stillingum um eyðingu upplýsinga
- að persónuupplýsingar séu ekki gerðar aðgengilegar ótakmörkuðum fjölda fólks án íhlutunar eða samþykkis viðkomandi einstaklings



- að inn í vinnsluna séu innbyggðar viðeigandi öryggisráðstafanir til að uppfylla kröfur persónuverndarlaga og vernda rétt einstaklinga.

4.6 Mat á áhrifum á persónuvernd (MÁP)

Þegar líklegt er að tiltekin tegund vinnslu geti haft í för með sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga, einkum þar sem beitt er nýrri tækni og með hliðsjón af eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar, skal sveitarfélagið láta fara fram mat á áhrifum fyrirhugaðra vinnsluaðgerða á vernd persónuupplýsinga áður en vinnsla hefst í samræmi við verklagsreglu um framkvæmd mats á áhrifum á persónuvernd. Ávallt skal óska álits persónuverndarfulltrúa á framkvæmd matsins þegar matið fer fram.

Ábyrgðamenn upplýsingakerfa, forstöðumenn stofnana/sviða/deilda og eftir atvikum aðrir sem bera ábyrgð á nýjum verkefnum, vörum, þjónustuleiðum eða upplýsingakerfum eða vinnslu persónuupplýsinga hjá sveitarfélaginu skulu meta hvort þörf sé á að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd (MÁP) með því að svara spurningalista grunnmats, sem er hluti af sniðmáti fyrir MÁP.

Þegar niðurstaða grunnmats er þess eðlis að vinnsla er líkleg til að hafa mikla áhættu í för með sér fyrir þá einstaklinga sem vinnslan varðar skal jafnframt framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd, meta áhrif vinnslunnar á réttindi og frelsi einstaklinga á þar til gerðu eyðublaði og eftir atvikum innleiða öryggisráðstafanir sem lækka áhættuna.

5. Réttur til að skoða einkatölvupóst og netnotkun

Óheimilt er að skoða einkatölvupóst starfsmanna, netnotkun og einkaskjöl/einkaskrár sem kunna að vera varðveitt á tækjum starfsmanna og/eða tölvubúnaði sveitarfélagsins.

Í undantekningartilvikum er heimilt að skoða einkatölvupóst starfsmanna, netnotkun og einkaskjöl/einkaskrár ef það er nauðsynlegt af brýnum ástæðum s.s. vegna tölvuveiru, netárásar, eða sambærilegs tæknilegs atviks. Tilfallandi skoðun getur einnig farið fram ef rökstuddur grunur er um brot starfsmanns gegn lögum, reglum, trúnaðar- eða vinnuskyldum. Bæjarstjóri, eða annar í hans umboði, skal meta hvort skoðun einkatölvupósts sé nauðsynleg.

Ef vafi er fyrir hendi skal leita til persónuverndarfulltrúa eða eftir atvikum lögfræðings áður en ákvörðun um skoðun er tekin.

Meðferð og skoðun tölvupósts, skráasvæða auk eftirlits með netnotkun og tölvupósti fer samkvæmt sérstökum reglum um tölvupóst og netnotkun.



6. Rafræn vöktun

Snæfellsbær heldur úti rafrænni vöktun með öryggismyndavélum í öryggis- og eignavörslutilgangi.

Óheimilt er að varðveita efni sem safnast við rafræna vöktun lengur en í 30 daga nema á grundvelli lagaheimildar, dómsúrskurðar, fyrirmæla Persónuverndar, samþykki skráðra aðila eða laganauðsynja t.d. ef það er nauðsynlegt til að stofna, setja fram eða verja réttarkröfur, einkum í dómsmáli. Þannig kann að vera heimilt að varðveita myndbandsupptökur umfram 30 daga þegar nauðsyn krefur t.d. vegna gruns um refsiverðan verknað, brots í starfi, slyss eða sambærilegra aðstæðna.

Myndefni sem verður til við rafræna vöktun má eingöngu skoða í samræmi við yfirlýstan tilgang vöktunarinnar, s.s. ef upp koma atvik er varða eignavörslu eða öryggi einstaklinga eins og þjófnaður, skemmdarverk eða slys.

Almennt eru myndbandsupptökur ekki afhentar öðrum en lögreglu og þá að beiðni hins skráða og/eða annars sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta t.d. ef um slys eða meintan refsiverðan verknað er að ræða. Óheimilt er að afhenda þriðja aðila upplýsingar sem safnast með öryggismyndavélum nema á grundvelli lagaheimildar, dómsúrskurðar, ákvörðunar Persónuverndar eða samþykkis þess sem upptaka er af. Þá er einnig heimilt að miðla myndefni á grundvelli laganauðsynja, s.s. í þeim tilgangi að sveitarfélagið, hinn skráði eða þriðji aðili geti stofnað, haft uppi og eftir atvikum varið réttarkröfur. Í þeim tilvikum er, eins og nauðsyn krefur, heimilt að veita stjórnendum, lögmonnum viðeigandi aðila og váttryggingafélögum, auk dómstóla, aðgang að myndefninu.

Fylgja skal verklagsreglu um rafræna vöktun öryggismyndavéla við alla afhendingu og meðferð efnis sem safnast við rafræna vöktun.

7. Vinnsla persónuupplýsinga í markaðslegum tilgangi

Í markaðssetningu felst hvers konar kynning á vörum, þjónustu og starfsemi sveitarfélagsins, þ.m.t. boð um þátttöku í leikjum eða happdrætti á vegum sveitarfélagsins og ósk um styrki þ.m.t. fjárhagsstyrki.

Sveitarfélaginu er heimilt að beina markaðssetningu til þeirra einstaklinga sem eru eða hafa verið í reglubundnum samskiptum við sveitarfélagið, t.d. skráð sig á póstlista eða tekið þátt í viðburðum á vegum sveitarfélagsins.

Óheimilt er að senda ótengdum aðilum markaðssetningarefni með tölvupósti nema þeir hafi samþykkt það sérstaklega, s.s. með skráningu á póstlista. Nauðsynlegt er að bera saman skrá með nöfnum,



heimilisföngum, netföngum og símanúmerum markhóps við bannskrá Þjóðskrár Íslands og bannmerkingar í símaskrá. Snæfellsbær skal gæta þess að þeir einstaklingar sem þar eru bannmerktir verði ekki ónáðaðir með markaðsetningu af hálfu sveitarfélagsins.

Í öllu markaðs- og kynningarefni skal skýrlega koma fram hver sendandi efnisins er svo einstaklingur geti andmælt vinnslu eða afskráð sig af póstlista hjá sveitarfélaginu.

8. Persónusnið og sjálfvirk ákvarðanataka

Óheimilt er að safna upplýsingum úr ólíkum áttum sem allar varða tiltekinn einstakling, s.s. starfsmann eða þjónustuþega, og búa þannig til persónusnið¹ um viðkomandi, eftir atvikum í þeim tilgangi að taka sjálfvirka ákvörðun er varðar viðkomandi, nema á grundvelli ótvíræðs samþykkis, lagaheimildar eða ef slík sjálfvirk ákvarðanataka er forsenda þess að unnt sé að gera eða efna samning sem viðkomandi er aðili að.

Ávallt skal gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda hagsmuni einstaklinga sem sjálfvirk ákvarðanataka varðar og tryggja rétt þeirra til mannglegrar íhlutunar af hálfu sveitarfélagsins í hinu sjálfvirka ferli og gera einstaklingum kleift að láta skoðun sína í ljós og til að vefengja ákvörðunina.

Flokkun upplýsinga innan einstakra gagnagrunna á vegum sveitarfélagsins til að skilja ólíka hópa þjónustuþega/skjólstæðinga að telst ekki gerð persónusniðs, enda byggji slík vinnsla á skýrri heimild, samrýmist meginreglum persónuverndarlaga og felur ekki í sér sjálfvirka ákvarðanatöku.

9. Persónuverndarfulltrúi

Bæjarstjóri skal sjá til þess að tilnefndur sé persónuverndarfulltrúi í starfsemi sveitarfélagsins sem uppfyllir kröfu um faglega hæfni, einkum að hann búi yfir sérfræðipækkingu á persónuverndarlögum og framkvæmd þeirra sem og getu og svigrúm til að sinna þeim verkefnum sem honum eru falin samkvæmt ákvæðum persónuverndarlaga. Bæjarstjóri skal jafnframt sjá til þess að:

- tryggt sé að persónuverndarfulltrúi komi, með viðeigandi hætti og tímanlega, að öllum málum sem tengjast vernd og vinnslu persónuupplýsinga
- persónuverndarfulltrúi fái nauðsynlegan stuðning við framkvæmd þeirra verkefna sem starfinu fylgja með því að láta honum í té nauðsynleg úrræði til að inna þau af hendi, auk aðgangs að

¹ Gerð persónusniðs felur í sér hvers kyns sjálfvirka vinnslu persónuupplýsinga til að meta persónulega þætti er varða hagi einstaklings, einkum að greina eða spá fyrir um þætti er varða frammistöðu hans í starfi, fjárhagsstöðu, heilsufar, smekk, áhugamál, áreiðanleika eða hegðun, staðsetningu eða hreyfanleika, þegar hún hefur réttaráhrif hvað hann sjálfan varðar eða veruleg sambærileg áhrif.



persónuupplýsingum, vinnsluáðgerðum og starfsfólki og gera honum kleift að viðhalda sérþekkingu sinni sé hún ekki til staðar hjá viðkomandi

- sjálfstæði persónuverndarfulltrúa sé tryggt og að hann fái engin fyrirmæli varðandi framkvæmd verkefna sinna á sviði persónuverndar og að honum sé ekki vikið úr starfi né refsað vegna ráðgjafar sinnar eða eftirlits á sviði persónuverndar
- beinar boðleiðir sé fyrir hendi milli persónuverndarfulltrúa og æðstu stjórnenda þ.m.t. forstöðumanna stofnana, bæjarstjóra, og bæjarstjórnar.
- önnur verkefni sem sveitarfélagið felur persónuverndarfulltrúa leiði ekki til hagsmunaárekstra

10. Ábyrgð og eftirlit

Málefni persónuverndar heyra undir bæjarstjóra og bæjarstjórn sveitarfélagsins. Eftirlit á fyrsta stigi er í höndum stjórnenda og starfsfólks sem ber ábyrgð á verkferlum og upplýsingatæknikerfum. Framangreindir aðilar eiga að greina og bregðast við áhættu fyrir persónuvernd einstaklinga og bera ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga samrýmist persónuverndarlögum hverju sinni.

Snæfellsbær setur starfsfólki sínu reglur og verkferla um það hvernig skuli haga notkun og vinnslu persónuupplýsinga í vörslu sveitarfélagsins.

Persónuverndarfulltrúi annast annars stigs eftirlit með málefnum persónuverndar og er tengiliður við skráða einstaklinga og persónuverndaryfirvöld, veitir ráðgjöf og svarar fyrirspurnum og kvörtunum er varða vinnslu persónuupplýsinga í starfsemi sveitarfélagsins. Einnig hefur sveitarfélagið eftirlit með því að aðgangur starfsfólks að upplýsingum sé í samræmi við þau verkefni sem viðkomandi starfsmaður eða starfseining innan sveitarfélagsins á að sinna.

Verði starfsmaður Snæfellsbæjar var við að vinnsla eða meðferð persónuupplýsinga hjá sveitarfélaginu samrýmist ekki persónuverndarlögum eða reglum þessum skal hann án tafar beina ábendingu um slíkt til persónuverndarfulltrúa. Netfang persónuverndarfulltrúa er personuvernd@snb.is.

Bæjarstjóri er ábyrgur fyrir því að innra eftirlitskerfi sé uppfært og endurskoðað þegar breytinga gerist þörf.

#BEACTIVE
EUROPEAN WEEK OF SPORT
23 - 30 September



Sveitarfélög

Efni: Styrkumsókn samþykkt

Umsókn sveitarfélagsins um styrk vegna Íþróttaviku Evrópu hefur verið samþykkt og er styrkuppþæðin allt að 500.000 krónur í samræmi við innsenda reikninga og fjárhagsáætlun.

Greiðsla styrksins verður innt af hendi þegar uppgjör hefur borist til ÍSí með afriti af reikningum fyrir útlögðum kostnaði. Uppgjörið skal senda á netfangið beactive@isi.is fyrir 10. nóvember 2024. Athugið: Uppgjör sem berst eftir 10. nóvember verður ekki greitt.

Okkur þætti vænt um að fá dagskrá sveitarfélagsins senda til okkar á pdf formi á beactive@isi.is. Við munum svo setja hana á heimasíðu Íþróttaviku Evrópu á www.beactive.is ásamt dagskrá annarra sveitarfélaga og framkvæmdaraðila.

Það verður spennandi að fá að fylgjast með því sem verður á dagskrá þessa viku um land allt og langar okkur að biðja ykkur um að merkja pósta á samfélagsmiðlum með **#beactive**, **@beactiveiceland** og **@isiiceland**.

Meðfylgjandi eru sniðmát og vörumerki (logo) ÍSí og Evrópusambandsins sem við hvetjum ykkur til að nota á allt auglýsingaefni.

Ekki hika við að hafa samband ef þið hafið einhverjar spurningar eða þurfið frekari upplýsingar.

Við óskum ykkur velfarnaðar með verkefnið og hlökkum til að fylgjast með og deila gleðinni.

Með bestu kveðju,

Ragnhildur, Linda og Þórarinn Alvar

Fræðslu- og almenningssvið ÍSí



Umsókn um rekstrarstyrk fyrir árið 2025

Linda Dröfn Gunnarsdóttir <Linda@kvennaathvarf.is>

Tue 9/3/2024 12:57 PM

To:Snæfellsbær <snb@snb.is>

[Sumir sem hafa fengið þetta skeyti fá ekki oft tölvupóst frá linda@kvennaathvarf.is. [Kynntu þér hvers vegna þetta gæti verið mikilvægt](#)

Erindi til bæjarstjórnar

Í ríflega 40 ár hefur Kvennaathvarfið þjónað íslensku samfélagi sem frjáls félagasamtök í náinni samvinnu við opinbera kerfið. Sú þjónusta sem Kvennaathvarfið veitir konum og börnum sem búa við ofbeldi er ómissandi og hafa okkar úrræði verið mikilvægur hlekkur í þjónustu sveitarfélaga. Konur og börn sem flýja þurfa heimili sín sökum ofbeldis geta dvalið í athvörfum samtakana sér að kostnaðarlausu, þar sem þau þiggja ráðgjöf, stuðning, fritt fæði og húsnæði. Auk þess hefur Kvennaathvarfið bætt við þjónustu sína og býðst nú mörgum konum að flytjast í búsetubruð athvarfsins eftir að dvöl líkur. Þetta hefur oft á tíðum létt á álagi og eftirspurn eftir húsnæði hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Ráðgjafar okkar hafa átt í nánu og góðu samstarfi við starfsfólk sveitarfélaga í gegnum árin, bæði hvað varðar málefni þeirra kvenna sem til okkar leita en einnig í auknum mæli varðandi málefni barna sem gista athvarfið.

Samtök um kvennaathvarf reka nú tvö athvörf, í Reykjavík og á Akureyri, og eru konur sem nýta sér þjónustu athvarfanna fjölbreyttur hópur á öllum aldri, af öllum stéttum og alls staðar að af landinu. Stöðug aðsókn hefur verið bæði í dvalar- og viðtalsþjónustu athvarfsins og hefur viðtalshlutinn farið ört vaxandi undanfarin ár.

Kvennaathvarfið býður auk þess uppá fræðslu fyrir starfsfólk sveitarfélaga, nemendur, stofnanir og fyrirtæki. Ef Snæfellsbær hefur áhuga á að nýta sér þjónustu fræðslustýrinnar, vinsamlegast hafið samband í netfangið isol@kvennaathvarf.is.

Sveitarfélög landsins eru öflugir stuðningsaðilar kvenna og barna sem sækja skjól til Kvennaathvarfs og er það von okkar að svo verði áfram. Kvennaathvarfið er rekið að hluta til á ríkisstyrkjum en til þess að geta viðhaldið þjónustustigi okkar þá er nauðsynlegt að fleiri aðilar styrki rekstur þess. Sveitarfélögin eru þannig mikilvægur hlekkur í rekstri Kvennaathvarfsins og í því skyni óskum við eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2025 að fjárhæð kr. 200.000.

Ársskýrslur Samtaka um kvennaathvarf er hægt að nálgast á heimasíðu athvarfsins, kvennaathvarf.is.



Kær kveðja
Linda Dröfn Gunnarsdóttir
Framkvæmdastýra Kvennaathvarfs
linda@kvennaathvarf.is